

Orkuveita Reykjavíkur
Samstæða
Ársreikningur 2012

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Kt. 551298-3029

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Yfirlit um afkomu ársins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11
Viðauki: Stjórnháttayfirlýsing (óendurskoðuð)	53

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrtækið er sjálfstætt þjónustufyrtæki sem rekur orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Orkuveitunnar og dótturfyrtækja.

Tap af rekstri Orkuveitu Reykjavíkur á árinu nam 2.295 milljónum kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 297.202 milljónum kr. í árslok. Eigið fé nam 60.648 milljónum kr. í árslok og er eiginfjárhlutfall samstæðunnar 20,4%.

Í upphafi ársins sem og í árslok voru eigendur móðurfyrtækisins þrír, en þeir eru:

Eignarhluti

Reykjavíkurborg	93,539%
Akraneskaupstaður	5,528%
Borgarbyggð	0,933%

Stjórn fyrirtækisins leggur til að ekki verði greiddur arður til eigenda móðurfyrtækisins á árinu 2013 vegna rekstrar á árinu 2012.

Alþingi samþykkti á vorþingi 2008 breytingar á ýmsum lögum á orkusviði. Þessar breytingar fela það meðal annars í sér að skipta þarf fyrirtækinu upp þannig að sérleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi séu reknar í aðskildum fyrirtækjum. Ákvæði um uppskiptingu tekur gildi 1. janúar 2014. Vinna vegna skiptingar Orkuveitunnar er langt komin.

Starfsreglur stjórnar

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur sett sér starfsreglur, síðast staðfestar 17. febrúar 2012. Í þeim er verksvið hennar skilgreint auk verkaskiptingar stjórnar og forstjóra. Orkuveita Reykjavíkur tekur mið af eigendastefnu sem staðfest var af eigendum sumarið 2012. Stjórn Orkuveitunnar leitast við að viðhalda og efla góða stjórnarhætti. Stjórnin skipaði endurskoðunarnefnd í byrjun árs 2012. Í viðauka með ársreikningi má finna frekari upplýsingar um starfshætti og að auki verða frekari upplýsingar um starfshætti, eigendastefnu og starfsreglur stjórnar kynntar í ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur sem verður gefin út í apríl 2013. Ársskýrslan verður aðgengileg á heimasíðu fyrirtækisins www.or.is.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur eru reikningsskil samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Að áliti stjórnar gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok 2012 og rekstrarafkomu samstæðunnar sem og breytingu á handbæru fé á árinu.

Það er álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og rekstrarárangur samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2012.

Reykjavík, 22. mars 2013.

Í stjórn fyrirtækisins:

Haraldur Flosi Tryggvason

Gylfi Magnússon

Hrönn Ríkharðsdóttir

Sóley Tómasdóttir

Kjartan Magnússon

Forstjóri:

Bjarni Bjarnason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um afkomu auk tekna og gjalda sem eru færðar beint á eigið fé, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2012, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 22. mars 2013.

KPMG ehf.

Auðunn Guðjónsson

Guðný Helga Guðmundsdóttir

Rekstrarreikningur árið 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrartekjur	5	37.904.545	33.626.215
Orkukaup		(4.865.858)	(5.016.487)
Laun og launatengd gjöld	7	(3.701.222)	(3.836.419)
Annar rekstrarkostnaður	8	(4.293.531)	(3.538.078)
Rekstrarkostnaður samtals		(12.860.611)	(12.390.983)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		25.043.934	21.235.231
Afskriftir og virðisrýrnun	9	(10.371.085)	(8.880.736)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		14.672.849	12.354.496
Vaxtatekjur		146.916	126.924
Vaxtagjöld		(7.092.787)	(5.689.628)
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum		(11.547.680)	(14.093.609)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	10	(18.493.550)	(19.656.314)
Áhrif hlutdeildarféлага	15	(9.754)	(5.400)
Tap fyrir tekjuskatt		(3.830.455)	(7.307.218)
Tekjuskattur	11	1.535.261	6.750.946
Tap ársins		(2.295.194)	(556.272)
Skipting taps:			
Eigendur fyrirtækisins		(2.294.823)	(556.291)
Minnihluti í dótturfélögum		(371)	20
Tap ársins		(2.295.194)	(556.272)

Skýringar á blaðsíðu 11 til 52 eru ófrávíkjanlegur hluti ársreikningsins.

Yfirlit um afkomu ársins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé

	Skýr.	2012	2011
Tap ársins		(2.295.194)	(556.272)
Tekjur og gjöld færð beint á eigið fé			
Sérstakt endurmat, hækkun	12	0	15.137.813
Sérstakt endurmat, lækkun	12	0	(5.000.000)
Tekjuskattur af endurmati		0	(1.245.295)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu	16	1.300.000	460.000
Afkoma ársins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé		<u>(995.194)</u>	<u>8.796.246</u>
Skipting afkomu ársins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé:			
Eigendur fyrirtækisins		(994.823)	8.796.227
Minnihluti í dótturfélögum		(371)	20
Afkoma ársins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé		<u>(995.194)</u>	<u>8.796.246</u>

Skýringar á blaðsíðu 11 til 52 eru ófrávíkjanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr.	2012	2011
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	246.111.462	258.802.010
Óefnislegar eignir	14	1.218.980	1.256.937
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	15	59.826	118.148
Eignarhlutar í öðrum félögum	16	3.265.182	1.983.269
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	17	14.150.678	17.168.462
Áhættuvarnarsamningar	18	893.934	0
Aðrar fjáreignir	18	9.745.440	7.886.188
Tekjuskattseign	19	3.467.268	1.932.007
Fastafjármunir samtals		278.912.770	289.147.020
 Birgðir	20	402.872	431.560
Viðskiptakröfur	21	4.721.350	4.227.536
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	17	587.982	514.508
Áhættuvarnarsamningar	18	38.956	0
Aðrar fjáreignir	18	5.986	569
Eignir ætlaðar til sölu	13	5.347.856	0
Aðrar skammtímakröfur	21	298.181	411.196
Handbært fé	22	6.885.693	1.652.484
Veltufjármunir samtals		18.288.875	7.237.853
 Eignir samtals		297.201.645	296.384.873

Skýringar á blaðsíðu 11 til 52 eru ófrávíkjanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

	Skýr.	2012	2011
Eigið fé			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna		51.791.161	53.923.091
Gangvirðisreikningur		1.760.000	460.000
Óráðstafað eigið fé		7.092.309	7.255.202
Eigið fé móðurfyrirtækis		60.643.470	61.638.293
Hlutdeild minnihluta		4.353	4.724
Eigið fé samtals	23	60.647.822	61.643.016
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	24	201.546.363	213.838.494
Lífeyrisskuldbinding	25	483.377	460.874
Áhættuvarnarsamningar	18	98.974	2.390
Langtímaskuldir samtals		202.128.714	214.301.758
Viðskiptaskuldir		1.366.254	1.627.619
Vaxtaberandi skuldir	24	29.956.923	16.384.762
Áhættuvarnarsamningar	18	150.300	17.389
Aðrar skammtímaskuldir	26	2.951.632	2.410.329
Skammtímaskuldir samtals		34.425.109	20.440.099
Skuldir samtals		236.553.823	234.741.857
Eigið fé og skuldir samtals		297.201.645	296.384.873

Skýringar á blaðsíðu 11 til 52 eru ófrávíkjanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjárfirli 2012

	Endurmats- reikningur	Gangvirðis- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé móður- fyrirtækisins	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
Árið 2012						
Eigið fé 1. janúar 2012	53.923.090	460.000	7.255.202	61.638.292	4.725	61.643.017
Innlausn endurmats vegna afskrifta ...	(2.131.929)		2.131.929	0		0
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu		1.300.000		1.300.000		1.300.000
Tap ársins			(2.294.823)	(2.294.823)	(371)	(2.295.194)
Afkoma ársins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé	(2.131.929)	1.300.000	(162.894)	(994.823)	(371)	(995.194)
Eigið fé 31. desember 2012	51.791.161	1.760.000	7.092.308	60.643.469	4.354	60.647.823
Árið 2011						
Eigið fé 1. janúar 2011	46.882.894	0	5.959.170	52.842.064	4.705	52.846.769
Sérstakt endurmat, hækkun	15.137.813			15.137.813		15.137.813
Sérstakt endurmat, lækkun	(5.000.000)			(5.000.000)		(5.000.000)
Tekjuskattur af endurmati	(1.245.295)			(1.245.295)		(1.245.295)
Innlausn endurmats vegna afskrifta ...	(1.852.322)		1.852.322	0		0
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu		460.000		460.000		460.000
Tap ársins			(556.291)	(556.291)	20	(556.271)
Afkoma ársins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé	7.040.196	460.000	1.296.031	8.796.227	20	8.796.247
Eigið fé 31. desember 2011	53.923.090	460.000	7.255.201	61.638.291	4.725	61.643.016

Skýringar á blaðsíðu 11 til 52 eru ófrávíkjanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit árið 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar			
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	33	24.335.571	20.574.518
Innborgaðar vaxtatekjur		137.916	127.147
Greidd vaxtagjöld	(	5.411.118)	(3.777.307)
Mótttekinn arður		54.475	43.840
Greiðslur vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(	182.318)	(38.063)
Handbært fé frá rekstri		18.934.526	16.930.135
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(	3.122.147)	(10.203.833)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(	50.383)	(80.258)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		226.200	582.268
Söluverð eignarhluta í öðrum félögum		197.693	179.000
Fjárfesting í öðrum fjáreignum	(	28.000)	(16.887)
Söluverð og afborganir annarra fjáreigna		29.858	1.036
Fjárfestingarhreyfingar	(	2.746.779)	(9.538.674)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		1.007.996	0
Afborganir langtímaskulda	(	12.317.428)	(10.449.874)
Lán frá eigendum		74.640	7.925.360
Lánalínur, breyting	(	2.482.638)	(6.771.507)
Skammtímalán, hækkun		2.357.358	1.227.863
Fjármögnunarhreyfingar	(	11.360.072)	(8.068.157)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		4.827.676	(676.696)
Handbært fé í ársbyrjun		1.652.484	2.343.648
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		405.534	(14.468)
Handbært fé í árslok		6.885.693	1.652.484
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(	195.704)	(302.915)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	135.000
Sala á eignarhlutum í félögum		0	149.541
Skammtímakröfur, breyting		0	(284.541)
Skammtímaskuldir, breyting		195.704	302.915
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri		19.880.141	17.231.251

Skýringar á blaðsíðu 11 til 52 eru ófrávíkjanlegur hluti ársreikningsins.

Efnisyfirlit skýringa

Skýr.	Bls.	Skýr.	Bls.
1. Fyrirtækið	12	19. Tekjuskattseign og -skuldbinding	35
2. Grundvöllur reikningsskilanna	12	20. Birgðir	36
3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	13	21. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	36
4. Ákvörðun gangvirðis	21	22. Handbært fé	37
5. Starfspáttayfirlit	23	23. Eigið fé	37
6. Greining á rekstri jarðvarmaorkuvera	28	24. Vaxtaberandi skuldir	37
7. Laun og launatengd gjöld	28	25. Lífeyrisskuldbinding	39
8. Annar rekstrarkostnaður	29	26. Aðrar skammtímaskuldir	39
9. Afskriftir og virðisrýrnun	29	27. Áhættustýring og fjármálagerningar	39
10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	29	28. Markaðsáhætta	40
11. Tekjuskattur	30	29. Lausafjáráhætta	45
12. Varanlegir rekstrarfjármunir	31	30. Mótaðilaáhætta	47
13. Eignir ætlaðar til sölu	33	31. Gangvirði	48
14. Óefnislegar eignir	33	32. Yfirlit um fjármálagerninga	49
15. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	34	33. Sjóðstreymisyfirlit, sundurliðun	49
16. Eignarhlutir í öðrum félögum	34	34. Tengdir aðilar	50
17. Innbyggðar afleiður í raforkusölusamn.	34	35. Dótturfélög í samstæðunni	51
18. Aðrar fjáreignir og aðrar fjárskuldir	35	36. Önnur mál	51

Skýringar

1. Fyrirtækið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samstæðureikningur fyrirtækisins geymir ársreikning móðurfyrirtækisins og dótturfyrirtækja þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum. Samstæðuársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur er hluti af samstæðuársreikningi Reykjavíkurborgar.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn og forstjóri staðfestu og heimiluðu birtingu ársreikningsins 22. mars 2013.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að:

- hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis.
- innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum eru færðar á gangvirði.
- eignarhlutar í öðrum félögum eru metnir til gangvirðis.
- aðrar fjáreignir og aðrar fjárskuldir eru færðir á gangvirði.

Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 4.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill fyrirtækisins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- skýring 12 - varanlegir rekstrarfjármunir
- skýring 16 - eignarhlutir í öðrum félögum
- skýring 17 - innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum
- skýring 18 - aðrar fjáreignir og aðrar fjárskuldir
- skýring 19 - tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding
- skýring 25 - lífeyrisskuldbinding
- skýring 28 - markaðsáætla

Skýringar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og af öllum fyrirtækjum í samstæðunni.

a. Grundvöllur samstæðu

i) Dótturfyrirtæki

Dótturfyrirtæki eru þau fyrirtæki þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur veruleg áhrif, beint eða óbeint til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu fyrirtækis í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfyrirtækja eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfyrirtækja hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið til að laga þær að aðferðum samstæðunnar.

ii) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélög eru færð í ársreikning samstæðunnar með hlutdeildaraðferð.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð. Verði hlutdeild samstæðu í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir viðkomandi félag eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður af rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

iii) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli fyrirtækja innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli fyrirtækjanna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er færður til lækkunar á bókfærðu verði þessara félaga í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í fyrirtækjunum. Óinnleyst tap er felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi og miðar fyrirtækið við miðgengi í dagslok samkvæmt Seðlabanka Íslands (2011: Upplýsingum frá Reuters). Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

Skýringar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

c. Fjármálagerningar

i) Fjáreignir aðrar en afleiðusamningar

Lán, kröfur og innstæður eru færðar til bókar á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir, þ.m.t. fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á þeim degi sem félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Fjáreignir eru afskráðar ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef félagið framselur rétt til sjóðstreymis af eigninni til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldinu felst. Hluta af framseldum fjáreignum sem stofnað er til eða haldið er eftir af félaginu er sérgreint í ársreikningi sem eign eða skuld.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

Félagið flokkar fjáreignir aðrar en afleiðusamninga í eftirfarandi flokka: fjárfestingar til gjalddaga, fjáreignir til sölu, fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning, og lán og kröfur.

Fjárfestingar til gjalddaga

Þegar samstæðan hefur bæði fyrirætlanir og getu til að eiga skuldabréf til gjalddaga, eru þau flokkuð sem fjárfestingar til gjalddaga. Slíkar fjárfestingar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Fjáreignir til sölu

Samstæðan tilgreinir fjárfestingar í tilteknum eignarhlutum í öðrum félögum og tilteknum skuldabréfum sem fjáreignir til sölu. Þær eru færðar á gangvirði og gangvirðisbreytingar færðar beint á sérstakan lið meðal eigin fjár. Þó er virðisrýrnun vegna fjáreigna til sölu (sjá skýringu 3.h i) og gengismunur gjaldmiðla ef um er að ræða peningalega liði (sjá skýringu 3.b.), færður í rekstrarreikning. Gangvirðisbreytingar, sem færðar hafa verið á eigið fé, eru færðar í rekstrarreikning þegar fjáreign til sölu er afskráð.

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning séu þær veltufjáreign eða ef þær eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir félagsins um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra í samræmi við skrásetta áhættustýringu félagsins eða fjárfestingastefnu. Við upphaflega skráningu er beinn viðskiptakostnaður færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum og sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Lán og kröfur samanstanda af viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum.

Til handbærs fjár telst sjóður og óbundnar bankainnstæður sem er til ráðstöfunar innan þriggja mánaða.

Skýringar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

c. Fjármálagerningar, frh.

ii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar

Skuldabréf og víkjandi skuldir eru færðar á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjárskuldir, þ.m.t. skuldir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á þeim viðskiptadegi þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Félagið afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldagerningsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er annaðhvort að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

Félagið flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Til fjárskulda félagsins annarra en afleiðusamninga teljast: lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

iii) Afleiðusamningar

Við upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

iv) Efnahagslegar varnir

Innbyggðar afleiður eru aðskildar frá grunnsamningum og færðar sérstaklega þegar efnahagsleg einkenni og áhætta grunnsamnings og innbyggðrar afleiðu eru ekki nátengd, annar gerningur með sömu ákvæði og innbyggða afleiðan væri skilgreindur sem afleiðusamningur og blandaði gerningurinn er ekki metinn í heild á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Gangvirðisbreytingar aðgreindra innbyggðra afleiða eru færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

v) Aðskildar innbyggðar afleiður

Gangvirðisbreytingar aðskildra innbyggðra afleiða eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en dreifikerfi, framleiðslukerfi og gagnaveitukerfi, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem samstæðan byggir sjálf innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Á undirbúningskostnað eru ekki reiknaðir vextir. Eftir að eignirnar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Dreifikerfi, framleiðslukerfi og gagnaveitukerfi samstæðunnar eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkunarir vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádreginni tekjuskattsskuldbindingu. Bakfærsla á áður færðu endurmati vegna verðmatslækkunar eigna er færð til lækkunar á áður færðu endurmati á endurmatsreikning að frádreginni tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskatts. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Gangvirði eigna er ákvarðað miðað við afskrifað endurstofnverð. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetið í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning er stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi samstæðunnar um verðbreytingar á kostnaðarliðum og tekið tillit til áætlunar um vægi hvers kostnaðarliðar í heildarkostnaði við byggingu samskonar eigna. Kostnaðarliðir og hlutfallslegt vægi þeirra var ákvarðað af sérfræðingum innan og utan Orkuveitunnar. Einnig er litið til niðurstöðu virðisrýrnunarprófs og endurmat ekki fært umfram vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eignum. Dreifikerfi fyrir heitt vatn, kalt vatn, fráveitu og rafmagn eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfum og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis þessara kerfa.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Skýringar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna frá þeim tíma sem þær eru nýtanlegar. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Framleiðslukerfi	5-50 ár
Dreifikerfi rafveitu	10-60 ár
Dreifikerfi hitaveitu	10-60 ár
Dreifikerfi vatnsveitu	5-80 ár
Dreifikerfi fráveitu	15-60 ár
Dreifikerfi gagnaveitu	7-41 ár
Aðrar fasteignir	17-50 ár
Aðrir lausafjármunir	3-25 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

e. Óefnislegar eignir

i) Hitaréttindi

Hitaréttindi eru færð til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Þau eru færð meðal óefnislegra eigna með éndanlegan líftíma. Hitaréttindi eru aðskilin frá landi við kaup.

ii) Undirbúningskostnaður

Undirbúningskostnaður er færður til eignar á kostnaðarverði. Kostnaður þessi hefur fallið til við undirbúning ákveðinna skilgreindra verkefna. Kostnaður vegna þeirra er aðeins eignfærður ef hægt er að meta hann á áreiðanlegan hátt og verkefnið er tæknilega og viðskiptalega arðvænlegt, ávinningur er talinn líklegur og fyrirtækið hefur bæði ásetning og getu til að ljúka verkefninu og hefur áform um að afla tekna af því eða selja það. Kostnaður þessi er gjaldfærður þegar fallið er frá verkefninu eða forsendur breytast.

iii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

v) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna frá þeim degi sem þær eru nýtanlegar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hitaréttindi	100 ár
Hugbúnaður	3-7 ár

f. Leigðar eignir

Leigusamningar, sem eru með þeim skilmálum að efnislega öll áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldi á hinum leigðu eignum færast yfir til samstæðunnar, eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar. Við upphaflega skráningu í bókhaldi eru eignirnar færðar á gangvirði eða núvirði lágmarksleigugreiðslna, hvort sem lægra reynist. Á síðari reikningsskiladögum eru eignirnar færðar samkvæmt þeirri reikningsskilaaðferð sem gildir um viðkomandi eignir.

Aðrir leigusamningar teljast til rekstrarleigusamninga og eru hinar leigðu eignir ekki færðar til eignar.

Skýringar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

g. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsteggi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

h. Virðisrýrnun

i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsteggi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst hafa rýrnað í verði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi viðkomandi eignar verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar. Virðisrýrnun fjáreigna til sölu er ákvarðað með hliðsjón af gangvirði þeirra á hverjum tíma. Samstæðan skilgreinir gangvirðislækkun niður fyrir kostnaðarverð sem hlutlæga vísbendingu um virðisrýrnun fjáreigna til sölu þegar:

- um er að ræða lækkun 15% niður fyrir kostnaðarverð eða
- gangvirðislækkun varir í a.m.k. sex mánuði.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning. Uppsafnað tap af fjáreignum til sölu sem fært hefur verið á eigið fé er fært í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem hafa orðið eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði og fjáreigna til sölu sem eru skuldabréf er færð í rekstrarreikning. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna til sölu sem eru hlutabréf er færð beint á eigið fé.

ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna, að undanskildum birgðum og tekjuskattseign, er yfirfarið á hverjum uppgjörsteggi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurmatslækkun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum einingum eða hópum eininga. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eignunum.

Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta.

Skýringar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

i. *Hlunnindi starfsmanna*

i) *Iðgjaldatengd lífeyriskerfi*

Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

ii) *Réttindatengd lífeyriskerfi*

Skuldbinding samstæðunnar vegna réttindatengdra lífeyriskerfa er reiknuð sérstaklega fyrir hvert kerfi með því að áætla framtíðarvirði lífeyrisréttinda sem núverandi og fyrirverandi starfsmenn hafa áunnið sér á yfirstandandi og fyrri tímabilum. Réttindin eru afvöxtuð til að finna núvirði þeirra og er allur ófærður fyrri kostnaður og raunvirði eigna til greiðslu lífeyris dreginn frá. Árlega reiknar tryggingastærðfræðingur skuldbindingu á grundvelli aðferðar sem miðast við áunnin réttindi. Breytingar á skuldbindingunni eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

j. *Skuldbindingar*

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar fyrirtækinu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða og líklegt er að kostnaður vegna hennar, sem hægt er að meta með áreiðanlegum hætti, falli á fyrirtækið. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárlæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

k. *Tekjur*

i) *Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni*

Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á árinu og föstu árlegu gjaldi.

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003. Tekjumörkin byggja á rauntölum fyrri ára úr rekstri dreifiveitu, afskrift rekstrarfjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og arðsemi eigin fjár. Við ákvörðun tekjumarkna er litið framhjá fjármagnsliðum. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjumörk og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði fyrirtækisins.

ii) *Tekjur af sölu á köldu vatni og fráveitu*

Tekjur vegna sölu á köldu vatni og fráveitu taka mið af stærð húsnæðis sem tengt er kerfunum, auk fasts gjalds og eru færðar línulega. Að auki eru tekjur færðar samkvæmt mældri notkun á köldu vatni hjá tiltekinni atvinnustarfsemi.

iii) *Tengigjöld*

Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi raforku, vatns og fráveitu eða við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald af notendum. Þessu gjaldi er ætlað að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu.

iv) *Aðrar tekjur*

Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru og þjónustu.

l. *Leigugreiðslur*

Tekjur og gjöld vegna rekstrarleigusamninga eru færð línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Hvatar sem fyrirtækið fær vegna rekstrarleigusamninga eru færðir í rekstrarreikning sem óaðskiljanlegur hluti heildarleigugjalda.

Lágmarksleigugreiðslur fjármögnunarleigusamninga skiptast í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Skýringar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

m. *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld*

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og hagnaði af áhættuvarnargerningum sem er færður í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af áhættuvarnargerningum sem fært er í rekstrarreikning og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Gengishagnaði og gengistapi er jafnað saman í rekstrarreikningi.

n. *Tekjuskattur*

Tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall móðurfyrirtækisins er 36% og dótturfélaganna 20%. Rekstur vatns- og fráveitu er undanþeginn skattskyldu.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsteggi. Frestaður tekjuskattur var reiknaður miðað við 36% fyrir móðurfyrirtækið sem er skattalega sameignarfélag og 20% fyrir dótturfélagin sem eru einkahlutafélög.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseign er metin á hverjum uppgjörsteggi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýtast.

Skýringar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

o. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda, bæði innan og utan samstæðu. Afkoma allra starfspátta samstæðunnar er yfirfarin af stjórnendum til að meta frammistöðu þeirra.

Rekstrarafkoma starfspátta og eignir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfspátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfspátta á rökrænan hátt.

Fjárfestingar starfspátta er heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

Verðlag sölu á vöru og þjónustu milli starfspátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

p. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Samstæðan hefur innleitt alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, túlkanir á þeim og breytingar á núverandi stöðlum sem eru í gildi í árslok 2012 og tengjast starfsemi samstæðunnar. Samstæðan hefur ekki innleitt fyrirfram alþjóðlega reikningsskilastaðla, túlkanir eða breytingar sem taka gildi eftir 31. desember 2012. Ekki er talið að upptaka þeirra muni hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar samstæðunnar krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun á gangvirði eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

a. Varanlegir rekstrarfjármunir

Gangvirði framleiðslukerfa og gagnaveitukerfa sem hafa verið endurmetin er ákvarðað miðað við afskrifað endurstofnverð. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Einnig er litið til niðurstöðu virðisrýrnunarprófs og endurmat ekki fært umfram vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eignum.

Sömu aðferð er beitt við ákvörðun á gangvirði annarra dreifikerfa sem hafa verið endurmetin. Dreifikerfi fyrir heitt vatn, kalt vatn, fráveitu og rafmagn eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis þessara kerfa.

Gangvirði varanlegra rekstrarfjármuna sem yfirteknir eru við samruna miðast við markaðsvirði. Markaðsvirði fasteigna er sú fjárhæð sem unnt er að fá í viðskiptum milli ótengdra, viljugra og upplýstra aðila. Gangvirði annarra varanlegra rekstrarfjármuna er byggt á markaðsverði sambærilegra eigna.

b. Fjárfestingar í eignarhlutum í öðrum félögum og skuldabréfum

Gangvirði eignarhluta í öðrum félögum og skuldabréfa er ákvarðað með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörstegi. Ef markaðsverð er ekki þekkt byggir mat á gangvirði á viðurkenndum matsaðferðum. Matsaðferðir geta falið í sér að stuðst er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila. Við beitingu matsaðferða er litið til þeirra þátta sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjáreignir.

Skýringar

4. Ákvörðun gangvirðis, frh.

c. Afleiður

Gangvirði afleiða er byggt á skráðu markaðsvirði þeirra, ef það er til. Ef markaðsverð er ekki til, er gangvirðið fundið með viðurkenndum matsaðferðum.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila. Tekið er mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Samstæðan sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggja á upplýsingum frá virkum markaði.

Gangvirði afleiðusamninga sem ekki eru skráðir á virkum mörkuðum er ákvarðað með notkun matsaðferða sem eru endurskoðaðar reglulega af sérfróðu starfsfólki. Öll matslíkön sem eru notuð þurfa að vera samþykkt og prófuð til að tryggja að niðurstöðurnar endurspegli þau gögn sem notuð voru.

Áreiðanlegasta sönnun á gangvirði afleiðusamninganna í upphafi er kaupverðið, nema gangvirði gerningsins sé sannanlegt með samanburði við önnur skráð og nýleg markaðsviðskipti á sama fjármálagerningi eða byggt á matsaðferð þar sem breytur byggja eingöngu á markaðsgögnum. Þegar slík gögn eru fyrir hendi, færir samstæðan hagnað eða tap á upphaflegum skráningardegi gerninga.

Gangvirði vaxtaskiptasamninga er byggt á verðtilboði miðlara. Þessi verðtilboð eru prófuð með tilliti til sanngirni með því að afvaxta framtíðargreiðslufláði byggt á ákvæðum og lokadegi hvers samnings og með því að nota markaðsvexti fyrir svipaða gerninga á verðmatsdegi.

d. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðslufláðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörsdags. Gangvirði er einungis metið svo unnt sé að upplýsa um það í skýringum.

e. Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður

Gangvirði, sem einungis er metið vegna skýringa, er ákvarðað út frá núvirði framtíðarsjóðsfláðis höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörsdagi.

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit

Starfspættir og miðlar

Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur er einkum á höfuðborgarsvæðinu, en nær auk þess til Suður- og Vesturlands. Fyrirtækið skiptist í þrjá starfspætti, Virkjanir og sala, Veitur og Aðra starfsemi.

Virkjanir og sala annast framleiðslu á rafmagni og varmaorku í orkuverum, auk raforkusölu til stóriðju og smásölu.

Veitur sjá um dreifingu rafmagns, varmaorkuvinnslu á lághitasvæði og dreifingu varmaorku frá lághitasvæði og jarðvarmavirkjunum, vatnsöflun og dreifingu á köldu vatni, fráveitustarfsemi og rekstur gagnaflutningskerfis.

Önnur starfsemi nær yfir rekstur og nýframkvæmdir vegna götúlýsingar, leigu húsnæðis og búnaðar, tilfallandi sölu sérfræðipjónustu og fleira.

Fyrirtækinu er jafnframt skipt upp eftir miðlum sem eru: **Rafmagn, Heitt vatn, Kalt vatn, Fráveita og Gagnaveita**. Miðlarnir eru í ólíku lagaumhverfi, bæði varðandi tekjuskatt, virðisaukaskatt, tekjumörk samkvæmt raforkulögum og arðsemi. Miðlarnir heitt vatn, kalt vatn, fráveita og hluti rafmagns sem er vegna dreifingar eru reknir samkvæmt sérleyfi, en raforkuvinnsla, orkusala og gagnaflutningur eru á samkeppnismarkaði.

Fyrirtækið er tekjuskattsskylt, nema sá hluti starfseminnar sem lýtur að rekstri vatnsveitu og fráveitu, sem er háður lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og lögum nr. 9/2009 um rekstur fráveitna. Rekstur hitaveitu er háður orkulögum nr. 58/1967, m.a. um arðsemi. Sá hluti rafmagnsins sem fellur undir sérleyfisrekstur samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 er háður tekjumörkum samkvæmt ákvörðun Orkustofnunar.

Miðill	Opinberar kvaðir
Hitaveita	Um sérleyfisveitur gildir að ráðherra staðfestir gjaldskrá og hún öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.
Rafveita, dreifing	Orkustofnun er send gjaldskrá til staðfestingar. Birta skal gjaldskrá opinberlega.
Rafveita, framleiðsla	Samkeppni er um orkusölu og því eru verðbreytingar á orkuhluta rafmagnsverðs ekki háðar samþykki stjórnvalda.
Vatnsveita	Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár er 0,5% af fasteignamati. Birta skal gjaldskrá í Stjórnartíðindum.
Fráveita	Gjaldskrá skal standa undir öllum kostnaði. Birta skal gjaldskrá í Stjórnartíðindum.
Gagnaveita	Samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Póst- og Fjarskiptastofnunar.

Viðskiptavinir sem hafa veruleg áhrif á tekjur samstæðunnar

Einn viðskiptavinur samstæðunnar hefur veruleg áhrif á fjárhæð heildartekna á árinu 2012, en það er Norðurál Grundartangi ehf.

Tekjur samstæðunnar frá Norðuráli Grundartanga ehf., námu 6.943 milljónum kr. eða 18,3% af heildartekjum. Viðskiptin voru við Virkjanir og sölu (2011: 5.652 milljónir kr. eða 16,8% af heildartekjum).

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir innri upplýsingagjöf fyrirtækisins. Rekstrarsviðin eru *Veitur*, *Virkjanir og sala*, auk *Annarrar starfsemi*. Einnig eru birtar upplýsingar eftir miðlum samstæðunnar sem eru *Rafmagn*, *Heitt vatn*, *Kalt vatn*, *Fráveita* og *Gagnaveita*.

Rekstrarstarfspættir - svið

Árið 2012

	Veitur	Virkjanir og sala	Önnur starfsemi	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	24.536.839	12.928.173	439.533	0	37.904.545
Tekjur milli starfspáttu	239.150	11.249.187	382.497	(11.870.834)	0
Tekjur samtals	24.775.989	24.177.360	822.030	(11.870.834)	37.904.545
Rekstrarhagnaður (-tap) starfspáttu	11.352.117	4.586.527	(7.002)	0	15.931.642
Óskipt rekstrargjöld					(1.258.793)
Rekstrarhagnaður					14.672.849
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld					(18.493.550)
Áhrif hlutdeildarféлага					(9.754)
Tekjuskattur					1.535.261
Tap ársins					(2.295.194)

Árið 2011

Tekjur frá þriðja aðila	21.439.485	11.956.289	230.441	0	33.626.215
Tekjur milli starfspáttu	317.170	4.061.665	482.184	(4.861.019)	0
Tekjur samtals	21.756.655	16.017.954	712.625	(4.861.019)	33.626.215
Rekstrarhagnaður (-tap) starfspáttu	8.829.471	5.122.206	(131.009)	0	13.820.668
Óskipt rekstrargjöld					(1.466.172)
Rekstrarhagnaður					12.354.496
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld					(19.656.314)
Áhrif hlutdeildarféлага					(5.400)
Tekjuskattur					6.750.946
Tap ársins					(556.272)

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfspættir - svið, frh.

Árið 2012

	Veitur	Virkjanir og sala	Önnur starfsemi	Óskipt	Samtals
Efnahagur (31.12. 2012)					
Varanlegir rekstrarfjármunir og eignir ætlaðar til sölu	134.028.592	110.594.420	9.286	6.827.021	251.459.319
Óefnislegar eignir	0	0	0	1.218.980	1.218.980
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum					59.826
Aðrar óskiptar eignir					44.463.520
Heildareignir samtals					297.201.645
Óskiptar skuldir					236.553.823
Fjárfestingar					
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.170.195	697.863	0	146.877	3.014.935
Óefnislegar eignir	0	0	0	50.383	50.383
Afskriftir og virðisrýrnun					
Varanlegir rekstrarfjármunir	5.024.089	4.443.127	0	815.529	10.282.745
Óefnislegar eignir	0	0	0	88.340	88.340
Árið 2011					
Efnahagur (31.12. 2011)					
Varanlegir rekstrarfjármunir	133.688.631	117.555.164	36.109	7.522.107	258.802.011
Óefnislegar eignir	0	0	0	1.256.937	1.256.937
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum					118.148
Aðrar óskiptar eignir					36.207.778
Eignir samtals					296.384.873
Óskiptar skuldir					234.741.857
Fjárfestingar					
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.208.279	7.382.796	0	154.095	9.745.170
Óefnislegar eignir	0	0	0	80.258	80.258
Afskriftir og virðisrýrnun					
Varanlegir rekstrarfjármunir	4.781.813	3.401.467	20.544	379.853	8.583.677
Óefnislegar eignir	0	0	171.862	125.198	297.060

Skýringar

5. Starfsþáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfsþættir - miðlar

Árið 2012

	Rafmagn	Heitt vatn	Kalt vatn	Fráveita	Gagna- veita	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur							
Tekjur frá þriðja aðila	19.252.841	9.904.780	3.176.966	4.184.368	1.385.590	0	37.904.545
Tekjur milli starfsþátta	824.308	137.839	33.275	43.827	0	(1.039.249)	0
Tekjur samtals	20.077.149	10.042.619	3.210.241	4.228.195	1.385.590	(1.039.249)	37.904.545
Eignir (31.12. 2012)							
Rekstrarfjármunir og eignir til sölu	112.712.357	70.343.547	18.699.324	38.864.090	10.840.001	0	251.459.319
Óefnislegar eignir	570.483	355.942	96.299	196.256	0	0	1.218.980
Óskiptar eignir	0	0	0	0	0	0	44.523.346
Heildareignir samtals	113.282.840	70.699.489	18.795.623	39.060.346	10.840.001	0	297.201.645
Fjárfestingar							
Varanlegir rekstrarfjármunir	984.378	573.471	216.723	302.763	937.599	0	3.014.934
Óefnislegar eignir	23.579	14.813	3.930	8.061	0	0	50.383
Afskriftir og virðisrýrnun							
Varanlegir rekstrarfjármunir	4.563.001	3.379.335	536.353	1.281.570	522.485	0	10.282.744
Óefnislegar eignir	33.750	27.525	8.479	18.586	0	0	88.340

Skýringar

5. Starfsþáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfsþættir - miðlar, frh.

Árið 2011

	Rafmagn	Heitt vatn	Kalt vatn	Fráveita	Gagna-veita	Jöfnunar-færslur	Samtals
Tekjur							
Tekjur frá þriðja aðila	17.515.064	8.732.030	2.818.304	3.390.673	1.170.144	0	33.626.215
Tekjur milli starfsþátta	1.171.938	155.271	41.870	50.374	0	(1.419.453)	0
Tekjur samtals	18.687.002	8.887.301	2.860.174	3.441.047	1.170.144	(1.419.453)	33.626.215
Eignir (31.12. 2011)							
Varanlegir rekstrarfjármunir	119.559.252	70.123.187	18.696.299	39.998.384	10.424.888	0	258.802.010
Óefnislegar eignir	664.920	291.609	95.527	204.881	0	0	1.256.937
Óskiptar eignir							36.325.925
Heildareignir samtals	120.224.172	70.414.796	18.791.826	40.203.265	10.424.888	0	296.384.873
Fjárfestingar							
Varanlegir rekstrarfjármunir	7.231.993	901.350	186.932	247.147	1.177.749	0	9.745.171
Óefnislegar eignir	42.457	19.101	5.939	12.761	0	0	80.258
Afskriftir og virðisrýrnun							
Varanlegir rekstrarfjármunir	3.829.908	2.386.919	494.645	1.416.898	455.306	0	8.583.676
Óefnislegar eignir	47.833	210.871	12.015	26.340	0	0	297.059

Skýringar

6. Greining á rekstri jarðvarmaorkuvera

Upplýsingar um afkomu á framleiðslu raforku og heitu vatni sbr. 5. mgr. 41. gr. laga nr. 65/2003:

	Raforka 2012	Heitt vatn 2012	Raforka 2011	Heitt vatn 2011
Jarðvarmavirkjanir				
Tekjur	8.663.959	1.915.000	8.575.389	1.520.000
Rekstrargjöld	(1.419.692)	(525.679)	(984.606)	(500.517)
Afskriftir	(3.504.326)	(449.152)	(2.794.359)	(406.192)
Afkoma fyrir fjármagnsgjöld	3.739.941	940.170	4.796.424	613.291
Arðsemi fjárfestingar	3,8%	8,0%	4,8%	5,4%

Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun eru blandaðar virkjanir, þar sem bæði er framleitt heitt vatn og raforka.

7. Laun og launatengd gjöld

	2012	2011
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	2.988.203	3.278.044
Mótframlag í lífeyrissjóði	395.860	463.847
Breyting lífeyrisskuldbindingar	55.547	37.721
Önnur launatengd gjöld	313.216	406.071
Gjaldfærð laun og launatengd gjöld vegna flýttara starfsloka og uppsagna 1)	314.271	192.965
Laun og launatengd gjöld samtals	4.067.097	4.378.648
Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í ársreikninginn:		
Gjaldfært í rekstrarreikningi	3.701.222	3.836.419
Eignfært á framkvæmdir	365.875	542.228
Laun og launatengd gjöld samtals	4.067.097	4.378.648
Starfsmannafjöldi:		
Fjöldi ársverka	476	532
Starfskjör stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækja greinast þannig:		
Laun stjórnar móðurfyrirtækis	16.695	15.439
Laun forstjóra og fimm framkvæmdastjóra móðurfyrirtækis	94.037	79.187
Laun stjórnar og framkvæmdastjóra dótturfélaga	21.931	20.771
Mótframlag í lífeyrissjóð vegna ofangreindra aðila	17.075	14.598
Starfslokagreiðslur, þar með talið mótframlag í lífeyrissjóð 2)	9.071	20.034
	158.808	150.029

Meðtalin í launum eru bifreiðahlunnindi og ökutækjastyrkir.

1) Hluti af hagræðingaraðgerðum Orkuveitunnar er að fækka starfsmönnum sem var útfært að hluta til með því að bjóða starfsmönnum sem hafa náð 63 ára aldri flýtt starfslok. Það felst meðal annars í starfslokasamningum þar sem ekki er krafist vinnuframlags á uppsagnarfresti. Þegar starfsmenn láta af störfum, hvort sem um flýtt starfslok eða uppsögn er að ræða, þá eru laun þeirra á uppsagnarfresti gjaldfærð strax að fullu.

2) Í september lét framkvæmdastjóri Virkjana af störfum hjá Orkuveitunni og voru starfslokagreiðslur, þar með talin öll launatengd gjöld vegna þeirra, gjaldfærð við starfslok hans. Árið 2011 var um að ræða starfslokagreiðslur til fyrrum fjármálastjóra.

Skýringar

8. Annar rekstrarkostnaður

	2012	2011
Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Rekstur veitukerfa og orkuvera	1.570.857	1.145.147
Innheimtu- og skrifstofukostnaður	625.924	603.256
Rekstur fasteigna	566.098	516.809
Opinber gjöld og tryggingar	447.369	206.193
Ýmis kostnaður	1.083.283	1.066.672
Samtals rekstrarkostnaður	4.293.531	3.538.078

9. Afskriftir og virðisrýrnun

	2012	2011
Afskriftir og virðisrýrnun greinast þannig:		
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	9.052.618	8.583.676
Virðisrýrnun eigna í byggingu	743.431	0
Virðisrýrnun eigna ætlaðra til sölu	486.696	0
Afskriftir og virðisrýrnun rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 12	10.282.745	8.583.676
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 14	88.340	297.059
Afskriftir og virðisrýrnun færð í rekstrarreikning	10.371.085	8.880.736

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2012	2011
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur	146.916	126.924
Vaxtagjöld	(6.232.254)	(4.899.197)
Ábyrgðargjald til eigenda 1)	(860.534)	(790.431)
Vaxtagjöld samtals	(7.092.787)	(5.689.628)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum	(2.944.310)	(2.728.135)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu	0	(611.169)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur	1.847.840	679.855
Matsbreyting gjaldfallinna afleiðusamninga sbr. skýringu 36	(558.759)	0
Áhættuvarnarsamningar	417.832	62
Gengismunur	(10.364.758)	(11.479.368)
Arðstekjur	54.475	45.145
Önnur (gjöld) tekjur af fjáreignum og fjárskuldum samtals	(11.547.680)	(14.093.609)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(18.493.550)	(19.656.313)

1) Orkuveitan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda fyrirtækisins vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar Orkuveitunnar árið 2005, gjaldið er á ársgrunni, 0,375% á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,48% á lán vegna samkeppnisstarfsemi. (2011 var ábyrgðargjald 0,375% á öll lán). Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 861 milljón kr. árið 2012 (2011: 790 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

Skýringar

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, frh.

Eignfærður fjármagnskostnaður

Enginn fjármagnskostnaður er eignfærður á árinu 2012. Eignfærður fjármagnskostnaður árið 2011 vegna byggingar á orkuveri var 1.287 milljónir kr. og var færður til lækkunar á vaxtagjöldum. Vaxtahlutfall sem notað var við útreikning á eignfærðum fjármagnskostnaði 2011 var 7,46%.

	2012	2011
Vaxtagjöld eru þannig færð í ársreikninginn:		
Gjaldfærð vaxtagjöld í rekstrarreikningi	(7.092.787)	(5.689.628)
Eignfærð vaxtagjöld	0	(1.287.642)
Vaxtagjöld samtals	(7.092.787)	(6.977.270)

Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 4. Gangvirðisbreyting sem færð er til gjalda í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 1.096 milljónum kr. (2011: gjaldfærsla 2.659 milljónir kr.).

11. Tekjuskattur

Orkuveita Reykjavíkur er tekjuskattsskyld vegna ákveðinna hluta starfsemi sinnar í samræmi við 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Rekstur vatnsveitu og fráveitu er undanþeginn tekjuskatti.

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:	2012	2011
Breyting á frestuðum tekjuskatti	(1.535.261)	(6.750.946)
Tekjufærður tekjuskattur	(1.535.261)	(6.750.946)
Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2012	2011
Tap ársins fyrir tekjuskatt	(3.830.455)	(7.307.218)
Tekjuskattur skv. skatthlutfalli móðurft.	36,0% (1.378.964)	36,0% (2.630.598)
Áhrif skatthlutfalla dótturfélaga	(0,9%) 33.817	(0,7%) 54.575
Áhrif mats á nýtingu yfirfæranlegs taps	2,6% (100.000)	63,7% (4.655.873)
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu og fráveitu	2,4% (93.706)	(2,9%) 208.881
Aðrir liðir	(0,1%) 3.592	(3,7%) 272.069
Virkur tekjuskattur	40,1% (1.535.261)	92,4% (6.750.946)

Skýringar

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

2012	Framleiðslu- kerfi	Veitu- kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa- fjármunir	Samtals
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	195.996.921	222.894.519	8.140.245	5.596.352	432.628.037
Endurflokkun eigna	1.301.287 (	884.548)	1.383.128 (	3.528.887) (	1.729.019)
Viðbætur á árinu	993.880	1.856.200	19.769	145.086	3.014.935
Fært á eignir til sölu	(60.701)	0 (	7.390.556) (	869.043) (	8.320.300)
Selt og aflagt á árinu	0 (	91.361)	(69.054)	(99.219)	(259.634)
Staða í árslok	198.231.387	223.774.810	2.083.533	1.244.289	425.334.019
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	58.379.184	111.034.725	1.825.401	2.586.718	173.826.027
Endurflokkun eigna	491.232 (	1.693.391)	580.320 (	1.107.180) (	1.729.019)
Afskrifað á árinu	5.611.392	3.858.468	644.176	168.709	10.282.745
Fært á eignir til sölu	(57.224)	0 (	2.156.978) (	758.241) (	2.972.444)
Selt og aflagt á árinu	0 (	89.570)	(11.624)	(83.559)	(184.752)
Staða í árslok	64.424.583	113.110.231	881.295	806.447	179.222.557
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2012.....	137.617.737	111.859.794	6.314.845	3.009.634	258.802.010
Bókfært verð 31.12. 2012.....	133.806.804	110.664.579	1.202.237	437.842	246.111.462
Þar af eignir í byggingu í árslok	7.209.960	1.555.018	0	0	8.764.979
2011					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	191.999.364	193.739.637	8.367.940	5.520.843	399.627.784
Viðbætur á árinu	7.571.665	2.043.869	33.191	96.445	9.745.170
Selt og aflagt á árinu	(541.385)	0 (	260.886) (	20.936) (	823.207)
Sérstakt endurmat, hækkun	3.015.875	27.111.013	0	0	30.126.888
Sérstakt endurmat, lækkun	(6.048.598)	0	0	0 (	6.048.598)
Staða í árslok	195.996.921	222.894.519	8.140.245	5.596.352	432.628.037
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	53.917.500	93.547.119	1.691.261	2.440.910	151.596.790
Afskrifað á árinu	4.534.610	3.735.613	161.163	152.291	8.583.676
Selt og aflagt á árinu	(261.409)	0 (	27.023) (	6.482) (	294.915)
Sérstakt endurmat, hækkun	1.237.081	13.751.993	0	0	14.989.074
Sérstakt endurmat, lækkun	(1.048.598)	0	0	0 (	1.048.598)
Staða í árslok	58.379.184	111.034.725	1.825.401	2.586.718	173.826.027
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2011.....	138.081.864	100.192.518	6.676.679	3.079.933	248.030.994
Bókfært verð 31.12. 2011.....	137.617.737	111.859.794	6.314.845	3.009.634	258.802.010
Þar af eignir í byggingu í árslok	8.225.347	1.529.241	0	0	9.754.588

Skýringar

12. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Eignir í byggingu

Alþingi samþykkti í árslok 2012 þingsályktunartillögu iðnaðarráðherra um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem styðst við Rammaáætlun um vernd og nýtingu vatnsafls og jarðhita. Í þingsályktunartillögunni er virkjun í Bitru sett í verndarflokk og því var bókfært virði eigna og rannsókna OR á svæðinu, sem nam 743 milljónum kr., gjaldfært meðal afskrifta árið 2012.

Sérstakt endurmat

Endurmat var síðast framkvæmt í viðkomandi kerfum samkvæmt eftirfarandi töflu:

Dagsetning
endurmats

Framleiðslukerfi:

Heitt vatn	31.12.2011
Kalt vatn	31.12.2011
Rafmagn	31.12.2011

Dreifikerfi:

Heitt vatn	31.12.2011
Kalt vatn	30.9.2011
Fráveita	30.9.2011
Rafmagn	31.12.2011
Gagnaflutningur	30.9.2010

Við endurmat eru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Framangreint endurmat er fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskatti samanber skýringu 3.d.

Virðisrýrnunarpróf

Virðisrýrnunarpróf voru gerð í árslok til að staðfesta hvort bæði eignir í notkun og helstu eignir í byggingu standi undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Virðisrýrnunarpróf eru framkvæmd á hvern og einn miðil fyrir framleiðslukerfi og veitukerfi. Virðisrýrnunarprófin byggja á nokkrum forsendum, en þær eru helstar:

- Veginn fjármagnskostnaður (WACC) er 3,64% til 6,31%,
- Framtíðartekjuvöxtur er áætlaður 0% til 2,5%,
- Vigtuð eru saman líkindi um mismunandi niðurstöður samningaviðræðna við orkukaupendur.

Nánnar er fjallað um virðisrýrnunarpróf í skýringu 3.h.

Óvissa er um hvenær verkefni í byggingu verða gangsett vegna ófrágenginna raforkusölusamninga og fjármögnunar á verkefnunum.

Allir miðlar fyrirtækisins stóðust virðisrýrnunarpróf.

Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok

	Framleiðslu- kerfi	Veitu- kerfi	Samtals
31.12. 2012			
Endurmetið bókfært verð	133.806.804	110.664.579	244.471.382
Þar af áhrif sérstaks endurmats	(27.206.629)	(40.048.340)	(67.254.969)
Bókfært verð án endurmats	106.600.175	70.616.238	177.216.413
31.12. 2011			
Endurmetið bókfært verð	137.617.737	111.859.794	249.477.531
Þar af áhrif sérstaks endurmats	(28.117.996)	(42.097.167)	(70.215.163)
Bókfært verð án endurmats	109.499.741	69.762.627	179.262.369

Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat þeirra eigna samstæðunnar sem metnar eru fasteignamati nam 31.390 milljónum kr. í árslok 2012 (2011: 24.879 milljónum kr.). Brunabótamat eigna samstæðunnar er 38.499 milljónir kr. á sama tíma (2011: 37.046 milljónum kr.). Meðal þessara eigna eru fasteignir sem eignfærðar eru meðal framleiðslukerfa og dreifikerfa, auk eigna sem ætlaðar eru til sölu.

Skýringar

12. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Skuldbindingar

Í maí 2008 gerði fyrirtækið samning um kaup á búnaði til virkjanaframkvæmda. Gert er ráð fyrir að búnaðurinn verði afhentur árið 2016. Fjárhæðir samningsins og annarra samninga vegna framkvæmda við virkjanir, miðað við gengi á reikningsskiladegi, er 12,3 milljarðar kr. (2011: 12,4 milljarðar kr.) Nánari umfjöllun um þessa samninga er í skýringu 36. Fyrirtækið hefur að auki gert innkaupa- og verksamninga vegna framkvæmda við framleiðslu- og dreifikerfi. Eftirstöðvar þessara samninga í árslok eru áætlaðar 1,2 milljarðar kr. (2011: 1,2 milljarðar kr.).

13. Eignir ætlaðar til sölu

	2012	2011
Eignir ætlaðar til sölu greinast þannig:		
Höfuðstöðvar Orkuveitunnar að Bæjar- og Réttarhálsi, 110 Reykjavík	4.397.856	0
Perlan, Öskjuhlíð, 105 Reykjavík	950.000	0
Eignir ætlaðar til sölu, samtals	5.347.856	0

Undir lok árs keypti Reykjavíkurborg Perluna af Orkuveitunni, umsamið söluverð er 950 milljónir kr. Endanlegur frágangur vegna sölnnar fór fram í byrjun árs 2013. Í byrjun árs 2013 seldi Orkuveitan höfuðstöðvar sínar að Bæjar- og Réttarhálsi fyrir 5.100 milljónir kr. Vegna sölu þessara eigna eru þær flokkaðar meðal veltufjármuna í ársreikningi 2012.

14. Ófnislegar eignir

Ófnislegar eignir greinast þannig:	Hita- réttindi	Undir- búnings- kostnaður	Hugbúnaður	Samtals
2012				
Heildarverð				
Staða í ársbyrjun	1.427.031	0	3.045.194	4.472.225
Endurflokkun	0	0	(1.723.761)	(1.723.761)
Viðbætur á árinu	0	0	50.383	50.383
Staða í árslok	1.427.031	0	1.371.816	2.798.847
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	491.550	0	2.723.738	3.215.288
Endurflokkun	0	0	(1.723.761)	(1.723.761)
Afskrifað á árinu	11.974	0	76.366	88.340
Staða í árslok	503.524	0	1.076.343	1.579.867
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1. 2012.....	935.481	0	321.456	1.256.937
Bókfært verð 31.12. 2012.....	923.507	0	295.474	1.218.980
2011				
Heildarverð				
Staða í ársbyrjun	1.427.031	261.864	2.964.934	4.653.829
Viðbætur á árinu	0	0	80.258	80.258
Selt og aflagt á árinu	0	(261.864)	2	(261.862)
Staða í árslok	1.427.031	0	3.045.194	4.472.225
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	438.570	90.000	2.611.134	3.139.704
Afskrifað á árinu	12.594	171.862	112.604	297.060
Selt og aflagt á árinu	40.386	(261.862)	0	(221.476)
Staða í árslok	491.550	0	2.723.738	3.215.288
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1. 2011.....	988.461	171.864	353.800	1.514.125
Bókfært verð 31.12. 2011.....	935.481	0	321.456	1.256.936

Skýringar

15. Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	2012		2011	
	Eignarhluti	Bókfært verð	Eignarhluti	Bókfært verð
Envent Holdings ehf.	0,0%	0	24,5%	45.000
Iceland American Energy Inc.	83,7%	0	83,7%	0
Vistorka ehf.	0,0%	0	29,0%	42.591
Íslensk Nýorka ehf.	27,6%	29.339	0,0%	0
Metan hf.	0,0%	0	35,4%	3.568
Netorka hf.	23,5%	29.207	21,9%	25.708
Orkuskipti REYST hf.	45,0%	1.281	50,0%	1.281
Samtals		59.827		118.148

Hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga var neikvæð um 10 milljónir kr. á árinu 2012 (2011: neikvæð um 5 milljónir kr.).

Vistorka ehf. og Íslensk Nýorka ehf. voru sameinuð á árinu 2012 undir nafni Íslenskrar Nýorku ehf. Gagngjald við sameiningu voru hlutir í Íslenskrar Nýorku ehf.

16. Eignarhlutar í öðrum félögum

Eignarhlutar í öðrum félögum eru allir flokkaðir sem fjáreignir til sölu og greinast þannig:

	Eignarhluti	2012	2011
HS Veitur hf.	16,6%	957.000	957.000
Landsnet hf. 1)	6,8%	2.160.000	860.000
Aðrir eignarhlutar í félögum		148.182	166.269
Eignarhlutar í öðrum félögum samtals		3.265.182	1.983.269

Gangvirði eignarhluta tilgreindra á gangvirði gegnum rekstrarreikning er ákvarðað samkvæmt markaðsverði. Gangvirði eignarhluta sem flokkaðir eru sem fjáreignir til sölu er ákvarðað með viðurkenndum matsaðferðum, nema í þeim tilvikum sem stuðst er við verð í nýlegum viðskiptum.

1) Samkvæmt ákvæðum Raforkulaga nr. 65/2003 er eigendum hlutafjár Landsnets einungis heimilt að framselja hlutafé sitt til annarra eigenda í fyrirtækinu, en ekki aðilum utan þess.

17. Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum

Gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum greinist þannig:	2012	2011
Gangvirði Innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum í ársbyrjun	17.682.970	20.411.105
Breyting á gangvirði á árinu	(2.944.310)	(2.728.135)
Gangvirði Innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum í árslok	14.738.660	17.682.970

Skipting innbyggðu afleiðanna er eftirfarandi:

Langtímahluti innbyggðra afleiða	14.150.678	17.168.462
Skammtímahluti innbyggðra afleiða	587.982	514.508
Innbyggðar afleiður samtals	14.738.660	17.682.970

Frekari umfjöllun um innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum má finna í skýringu 28 c.

Skýringar

18. Aðrar fjáreignir og aðrar fjárskuldir

Fastafjármunir	2012	2011
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning:		
Skuldabréf	9.744.861	7.868.334
Áhættuvarnarsamningar	893.934	0
	10.638.795	7.868.334
Lán og kröfur:		
Skuldabréf	579	17.853
Samtals meðal fastafjármuna	10.639.373	7.886.188
Veltufjármunir		
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning:		
Áhættuvarnarsamningar	38.956	0
Lán og kröfur:		
Skuldabréf	5.986	569
Samtals meðal veltufjármuna	44.942	569
Langtímaskuldir		
Fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning:		
Áhættuvarnarsamningar	(98.974)	(2.390)
Skammtímaskuldir		
Fjárskuldir á gangvirði gegnum rekstrarreikning:		
Áhættuvarnarsamningar	(150.300)	(17.389)

Skuldabréf meðal fastafjármuna sem skráð er á gangvirði gegnum rekstrarreikning er gefið út í USD, ber 1,5% vexti. Það er eingreiðslulán með gjalddaga árið 2016. Skuldabréfið er tengt álverði að ákveðnu marki og er tryggt með veði í hlutabréfum í HS Orku hf. Skuldabréfið er fært á gangvirði gegnum rekstrarreikning og afleiður eru ekki aðskildar frá skuldabréfinu. Öll skuldabréf fyrirtækisins eru skilgreind á 3. stigi gangvirðis eins og frekar er greint í skýringu 31.

19. Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

2012	Skatteign	Skattskuld	Skatteign
Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun	1.932.006	0	1.932.006
Reiknaður tekjuskattur ársins	1.535.261	0	1.535.261
Tekjuskattseign/-skuld í árslok	3.467.267	0	3.467.267
2011			
Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun	206.741	3.780.403	(3.573.662)
Reiknaður tekjuskattur ársins	2.970.543	(3.780.403)	6.750.946
Tekjuskattur til greiðslu	17	0	17
Tekjuskattur af endurmati	(1.245.295)	0	(1.245.295)
Tekjuskattseign/-skuld í árslok	1.932.006	0	1.932.007

Skýringar

19. Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding, frh.

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12. 2012		31.12. 2011	
	Skatteign	Skattskuld	Skatteign	Skattskuld
Varanlegir rekstrarfjármunir	(15.063.674)	0	(17.056.401)	0
Innbyggðar afleiður	(5.305.918)	0	(6.365.869)	0
Aðrir liðir	2.599.893	0	888.700	0
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	21.236.966	0	24.465.576	0
Tekjuskattseign/-skuld í árslok	3.467.268	0	1.932.006	0

Yfirfæranlegt skattalegt tap

Samkvæmt gildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði 10 ár frá því það myndast. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

	2012	2011
Ójafnað skattalegt tap ársins 2008, nýtanlegt til ársins 2018	56.383.614	65.631.854
Ójafnað skattalegt tap ársins 2009, nýtanlegt til ársins 2019	4.953.017	4.953.017
Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2012	61.336.631	70.584.871

Stjórnendur hafa lagt mat á nýtingu yfirfæranlegs skattalegs taps og gert áætlanir um skattskyldan hagnað á næstu árum. Tekjuskattseign vegna yfirfæranlegs taps er færð upp að því marki sem talið er að það nýtist.

20. Birgðir

Birgðir greinast þannig í árslok:

	2012	2011
Efnisbirgðir	402.872	431.560

Efnisbirgðir samstæðunnar samanstanda af efni til viðhalds framleiðslukerfa og dreifikerfa samstæðunnar. Birgðir til endurnýjunar og nýbygginga eru eignfærðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna sem hluti af kostnaði við eignir í byggingu.

21. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig í árslok:

	2012	2011
Viðskiptakröfur, stórnotendur	917.120	537.146
Viðskiptakröfur, smásala	4.122.730	3.969.640
Viðskiptakröfur, samtals	5.039.850	4.506.786
Óbein niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(318.500)	(279.250)
	4.721.350	4.227.536

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig í árslok:

Virðisaukaskattur	0	23.617
Fyrirframgreiddur kostnaður	199.480	185.715
Fjármagnstekjuskattur	34.832	35.382
Áfallnar vaxtatekjur	32.035	23.035
Kröfur á starfsmenn	6.529	8.275
Aðrar kröfur	25.305	135.172
	298.181	411.196

Skýringar

22. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig í árslok:	2012	2011
Óbundnar bankainnstæður	6.885.693	1.652.484

23. Eigið fé

Eiginfjárlutfall samstæðunnar í árslok var 20,4% (2011: 20,8%). Ávöxtun eiginfjár var neikvæð um 3,7% á árinu 2012 (2011: neikvæð um 1,0%).

Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna

Endurmatsreikningur fyrirtækisins samanstendur af endurmatshækkunum rekstrarfjármuna að teknu tilliti til tekjuskatts. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar á sama tíma af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé.

Gangvirðisreikningur

Gangvirðisreikningur samanstendur af hækkunum á mati á fjáreignum til sölu að teknu tilliti til tekjuskatts.

Óráðstafað eigið fé

Enginn arður var greiddur til eigenda móðurfyrirtækisins árið 2012 (2011: Engin arðgreiðsla). Stjórn fyrirtækisins leggur til að ekki verði greiddur arður til eigenda móðurfyrirtækisins á árinu 2013 vegna rekstrar á árinu 2012. Eigendafundur tekur ákvörðun um arðgreiðslur.

24. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði og greinast með eftirfarandi hætti. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldeyrisáhættu eru veittar í skýringu 28.

Langtímaskuldir	2012	2011
Skuldir við lánastofnanir	195.721.276	195.380.948
Víkjandi lán frá eigendum	8.849.752	8.211.459
Lánalínur	0	2.381.700
Skuldabréfaútgáfa	22.515.068	22.191.286
	227.086.096	228.165.393
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(25.539.733)	(14.326.899)
	201.546.363	213.838.494
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborganir langtímaskulda	25.539.733	14.326.899
Skammtímalán	4.417.190	2.057.863
	29.956.923	16.384.762
Vaxtaberandi skuldir samtals	231.503.286	230.223.256

Skýringar

24. Vaxtaberandi skuldir frh.

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:		2012		2011	
		Lokagjalddagi	Meðalvextir í árslok	Eftirstöðvar	Meðalvextir í árslok
Skuldir í CHF	5.10.2027	0,56%	33.989.877	0,47%	43.999.890
Skuldir í EUR	6.12.2032	0,98%	84.800.019	2,04%	67.075.409
Skuldir í USD	8.11.2030	1,81%	41.956.344	1,61%	39.089.748
Skuldir í JPY	5.10.2027	0,47%	16.304.551	0,50%	23.450.772
Skuldir í GBP	26.2.2024	1,85%	5.084.266	1,86%	7.372.326
Skuldir í SEK	5.10.2027	2,06%	8.891.712	2,75%	11.923.887
			191.026.769		192.912.031

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggðar	10.1.2037	4,67%	36.059.327	4,76%	35.253.362
Óverðtryggðar	31.1.2013	7,53%	4.417.190	7,50%	2.057.863
			40.476.517		37.311.225
Vaxtaberandi skuldir samtals			231.503.286		230.223.256

Afborganir langtímalána greinast þannig næstu ár:

	2012	2011
Árið 2012.....	-	14.326.899
Árið 2013.....	25.539.733	29.277.537
Árið 2014.....	16.747.099	15.883.347
Árið 2015.....	19.625.714	13.141.900
Árið 2016.....	19.697.595	22.652.881
Árið 2017.....	15.625.559	13.976.357
Síðar	129.850.396	118.906.472
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	227.086.096	228.165.393

Afborganir lána

Á árinu 2012 var endursamið um gjalddaga við tiltekna lánveitendur sem skýrir breytingar á dreifingu afborgana á milli ára. Komi til endurfjármögnunar til lengingar lánstíma má gera ráð fyrir að dreifing afborgana verði önnur en að ofan greinir.

Ábyrgðir og veðsetningar

Eigendur móðurfyrirtækisins eru í hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldum og skuldbindingum móðurfyrirtækis. Samstæðan hefur ekki veðsett eignir sínar til tryggingar á skuldum.

Fjárhagsskilyrði lánasamninga

Lán að fjárhæð 16.856 milljónir kr. eru með tilteknum fjárhagsskilyrðum sem snúa að hlutföllum endurgreiðslutíma lána miðað við EBITDA og vaxta sem hlutfall af EBITDA. Einnig er horft til þess að markmið áætlana séu innan ákveðinna vikmarka. (2011: 14.933 milljónir kr.) Stjórnendur fara reglulega yfir fjárhagsskilyrðin og er mat stjórnenda að ekki sé hætt á að þau falli.

Skýringar

25. Lífeyrisskuldbinding

Við stofnun Orkuveitu Reykjavíkur var áfallin lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna á þeim tíma gerð upp. Á fyrirtækinu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna réttinda núverandi og fyrrverandi starfsmanna í réttindatengdum lífeyriskerfum. Skuldbinding þessi er vegna fyrirtækja sem hafa sameinast Orkuveitunni og hefur áhvílandi lífeyrisskuldbinding verið yfirtekin í tengslum við sameininguna.

Í árslok var áfallin lífeyrisskuldbinding fyrirtækisins metin um 508 milljónir kr., núvirt miðað við 2% vexti, að teknu tilliti til hlutdeildar í hreinni eign lífeyrissjóðsins (2011: 477 milljónir kr.). Samstæðan uppfærir lífeyrisskuldbindinguna samkvæmt mati tryggingastærðfræðings þegar það liggur fyrir ár hvert. Forsendur um lífslíkur eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætluð hækkun skuldbindingarinnar á árinu byggir á almennri hækkun launa að teknu tilliti til vaxta. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu er færð til gjalda í rekstrarreikningi á meðal launa og launatengdra gjalda. Sá hluti skuldbindingarinnar sem áætlaður er til greiðslu á árinu 2013 er færður meðal skammtímaskulda.

Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:	2012	2011
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	476.694	457.307
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á árinu (	23.864) (	18.334)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu á árinu	55.547	37.721
Lífeyrisskuldbinding í árslok	508.377	476.694
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar	483.377	460.874
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	25.000	15.820
Lífeyrisskuldbinding í árslok	508.377	476.694

26. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2012	2011
Ógreidd opinber gjöld	860.745	560.809
Ógreidd laun og launatengdir liðir	463.324	681.513
Áfallin vaxtagjöld	799.631	909.373
Næsta árs greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	25.000	15.820
Gjaldfallnir afleiðusamningar sbr. skýringu 36	740.000	181.241
Aðrar skuldir	62.933	61.573
Aðrar skammtímaskuldir samtals	2.951.632	2.410.329

27. Áhættustýring og fjármálagerningar

Yfirlit

Áhættustefna fyrirtækisins var samþykkt af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur 20. janúar 2012. Stefna stjórnar er að í allri starfsemi fyrirtækisins sé gætt að áhættu og með því stuðlað að ábyrgum og skilvirkum ákvörðunum sem og stjórnunarháttum. Áhættustefnan lýsir heildarsýn og meginmarkmiðum stjórnar að þessu leyti. Hún skilgreinir jafnframt meginreglur áhættu, mælikvarða við mat á þeim ásamt helstu aðferðum, markmiðum og mörkum við daglega áhættustýringu fyrirtækisins. Ein grunnstoð áhættustefnunnar er að kortleggja þá áhættuþætti sem skipta máli í þessu samhengi, mæla áhrif þeirra og skilgreina ásættanleg mörk við stýringu þeirra.

Ákvörðunartaka og eftirlit með framkvæmd áhættustefnunnar er hjá áhætturáði. Í áhætturáði sitja Forstjóri, framkvæmdastjóri Fjármála, forstöðumaður Fjár- og áhættustýringar og forstöðumaður Hagmála. Meðal annars er fylgst með:

- að viðhlítandi aðferðir séu notaðar til auðkenningar og mælingar áhættu
- að eftirlitskerfi með áhættu séu til staðar og séu skilvirk
- að áhættustefnu stjórnar sé fylgt í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur

Skýringar

27. Áhættustýring og fjármálagæringar, frh.

Fjár- og áhættustýring á fjármálasviði fer með umsjón og framkvæmd áhættustýringar. Markmið Fjár- og áhættustýringar er að fylgjast með, greina og stýra fjárhagslegri áhættu fyrirtækisins.

Fjárhagsleg áhætta greinist í:

- Markaðsáhætta, sem fjallað er um í skýringu 28
- Lausafjárahætta, sem fjallað er um í skýringu 29
- Mótaðilaáhætta, sem fjallað er um í skýringu 30

28. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, álverðs og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjármálagæringa. Miðað við núverandi efnahagsreikning er markaðsáhætta Orkuveitu Reykjavíkur einkum rakin til breytinga á vöxtum, gjaldmiðlum, verðbólgu og álverðs en áhætta vegna markaðsverðbréfa, s.s. hluta- og skuldabréfa er minni. Áhættan sem vegur mest hjá samstæðunni er því þrenns konar:

- a. Gjaldeyrisáhætta vegna skulda í efnahagsreikningi og sjóðstreymis í erlendra mynt
- b. Vaxtaáhætta vegna lána og samninga fyrirtækisins
- c. Álverðsáhætta vegna álverðstengdra raforkusamninga

a. Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er hættan á því að breytingar í gengi gjaldmiðla hafi neikvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins. Gjaldeyrisáhætta er mæld sem mismunur milli eigna og skulda í hverri mynt þar sem tillit er tekið til allra eigna og skulda, framvirkra samninga og annarra afleiða. Fjár- og áhættustýringu er heimilt að nota framvirka samninga og gjaldmiðlaskiptasamninga til að draga úr áhættu fyrirtækisins vegna gengisbreytinga.

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölusamninga, innkaupa og langtímalána í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evra (EUR), svissneskir frankar (CHF), japanskt jen (JPY), bandarískur dollar (USD) og sænskar krónur (SEK).

Af langtímalánum samstæðunnar eru um 84,1% í erlendum gjaldmiðlum. Samstæðan hefur gert langtíma sölusamninga á raforku í erlendum gjaldmiðli (USD). Væntar tekjur vegna þessara samninga á uppgjörssdegi eru um 160.383 milljónir kr. Sú fjárhæð er byggð á framvirku verði á áli á LME (London Metal Exchange), gengi USD og væntingum um verðþróun á áli næstu 25 árin samkvæmt mati CRU, óháðum matsaðila, eins og það liggur fyrir á uppgjörssdegi.

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á árinu:

	2012	2011	31.12. 2012	31.12. 2011
	Meðalgengi		Árslökagengi	
CHF	133,352	131,188	140,640	130,795
EUR	160,733	161,416	169,800	158,780
USD	125,052	116,067	128,740	122,320
JPY	1,570	1,458	1,495	1,590
GBP	198,155	186,005	208,150	190,140
SEK	18,468	17,876	19,758	17,843
CAD	125,110	117,309	129,360	120,095
Þróng viðskiptavog Sí	221,796	216,843	232,686	217,195

Skýringar

28. Markaðsáhætta, frh.

a. Gjaldeyrisáhætta, frh.

Mögulegt tap vegna gjaldeyrisáhattu

Gjaldeyrisáhætta samstæðunnar miðað við nafnverðsfjárhæðir er eftirfarandi:

2012	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	Samtals
Vaxtaberandi skuldir	(33.989.877)	(84.800.019)	(41.956.344)	(16.304.551)	(5.084.266)		(8.891.712)		(191.026.769)
Viðskiptaskuldir		(37.253)	(299.766)						(337.019)
Viðskiptakröfur			658.285		47				658.332
Handbært fé	1.709	6.226.479	492.598	135	131	2.530	1.263	90	6.724.936
Innbyggðar afleiður			14.738.660						14.738.660
Áhættuvarnarsamn.	(217.681)	14.874.347	2.754	156.497	(10.985)		(18.706)		14.786.226
Aðrar fjáreignir á gang- virði gegnum rekstur			9.744.861						9.744.861
Áhætta í efna- hagsreikningi	(34.205.849)	(63.736.446)	(16.618.951)	(16.147.919)	(5.095.073)	2.530	(8.909.154)	90	(144.710.772)
Áætluð sala 2013			8.116.661						8.116.661
Áætluð kaup 2013		(155.915)	(25.849)	(290.034)	(154)				(471.952)
Áhætta utan efna- hagsreiknings	0	(155.915)	8.090.812	(290.034)	(154)	0	0	0	7.644.709
Nettó áhætta	(34.205.849)	(63.892.361)	(8.528.139)	(16.437.953)	(5.095.227)	2.530	(8.909.154)	90	(137.066.063)

Skýringar

28. Markaðsáhætta, frh.

a. Gjaldeyrisáhætta, frh.

Mögulegt tap vegna gjaldeyrisáhattu, frh.

2011	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	Samtals
Vaxtaberandi skuldir	(43.999.890)	(67.075.409)	(39.089.748)	(23.450.772)	(7.372.326)		(11.923.887)		(192.912.031)
Viðskiptaskuldir			(293.119)		(782)			(5.515)	(299.416)
Viðskiptakröfur		27.324	588.749	10.696					626.769
Handbært fé	470	711.445	638.435	212	183	3.338	3.039	85	1.357.207
Innbyggðar afleiður			17.682.970						17.682.970
Áhættuvarnarsamn.	(377.996)		(12.372)	370.589					(19.779)
Aðrar fjáreignir á gang- virði gegnum rekstur			7.868.334						7.868.334
Áhætta í efna- hagsreikningi	(44.377.416)	(66.336.640)	(12.616.752)	(23.069.275)	(7.372.924)	3.338	(11.920.847)	(5.430)	(165.695.947)
Áætluð sala 2012			7.539.896						7.539.896
Áætluð kaup 2012		(1.210.284)	0	(1.254)					(1.211.538)
Áhætta utan efna- hagsreiknings	0	(1.210.284)	7.539.896	(1.254)	0	0	0	0	6.328.358
Nettó áhætta	(44.377.416)	(67.546.924)	(5.076.856)	(23.070.529)	(7.372.924)	3.338	(11.920.847)	(5.430)	(159.367.589)

Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% í árslok gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum í efnahagsreikningi myndi hækka (lækka) eigið fé og afkomu eins árs um eftirfarandi fjárhæðir að teknu tilliti til skattáhrifa.

Hagnaður eða (tap)

	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	Samtals
Árið 2012	2.189.174	4.079.133	1.063.613	1.033.467	326.085	(162)	570.186	(6)	9.261.489
Árið 2011	2.840.155	4.245.545	807.472	1.476.434	471.867	(214)	762.934	348	10.604.541

Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2011. Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

Skýringar

28. Markaðsáhætta, frh.

b. Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta, er áhættan á því að breytingar í vöxtum hafi neikvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins. Orkuveitan býr við vaxtaáhættu vegna vaxtaberandi eigna og skulda og fjármálagerninga á gangvirði. Skuldir félagsins bera bæði fasta og breytilega vexti og er meirihluti þeirra með breytilegum vöxtum. Fjár- og áhættustýring fylgist sérstaklega með að vaxtaáhætta sé innan skilgreindra marka og nýtir heimildir til að stýra vaxtaáhættu með afleiðusamningum.

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar greinast þannig:

Fjármálagerningar með fasta vexti	2012	2011
Fjáreignir	6.564	18.423
Fjárskuldir	42.553.480	41.570.434
	42.560.044	41.588.857
Fjármálagerningar með breytilega vexti		
Fjárskuldir	188.949.806	188.652.821
	188.949.806	188.652.821
Fjármálagerningar á gangvirði		
Skuldabréf	9.744.861	7.868.334
Áhættuvarnarsamningar	683.616 (	19.779)
	10.428.477	7.848.555

Í eftirfarandi töflu er að finna reiknuð áhrif af breytingum vaxta á fjármálagerninga færða á gangvirði að teknu tilliti til tekjuskatts. Greiningin var unnin með sama hætti árið 2011.

Næmnigreining vaxta

	Næmni sjóðstreymis		Næmni gangvirðis	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
31.12. 2012				
Innbyggðar afleiður	0	0 (	725.573)	811.329
Aðrar fjáreignir	0	0 (	226.081)	237.008
Áhættuvarnarsamningar	284.502 (	284.502)	699.815 (	717.916)
Vaxtaberandi skuldir	(633.244)	633.244	0	0
	(348.742)	348.742 (	251.839)	330.420
31.12. 2011				
Innbyggðar afleiður	0	0 (	976.334)	1.102.158
Aðrar fjáreignir	0	0 (	222.413)	235.021
Áhættuvarnarsamningar	0	0	70 (	71)
Vaxtaberandi skuldir	(661.878)	661.878	0	0
	(661.878)	661.878 (	1.198.677)	1.337.109

Skýringar

28. Markaðsáhætta, frh.

c. Álverðsáhætta

Álverðsáhætta er áhætta á því að breytingar í álverði hafi neikvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins.

Gerðir hafa verið fjórir raforkusölusamningar, upphaflega til 20 ára, einn við Landsvirkjun vegna Norðuráls og þrír við Norðurál vegna álversins á Grundartanga, sem og samningar við Landsnet hf. um flutning á rafmagni. Orkuveitan og Norðurál hafa einnig gert með sér raforkusölusamning vegna raforkusölu til fyrirhugaðs álvers í Helguvík og hefur afhending samkvæmt þeim samningi hafist, en samningurinn er til 25 ára. Raforkusölusamningar þessir eru gerðir í dollurum og er verð á rafmagninu tengt heimsmarkaðsverði á áli. Tekjur af raforkusölusamningum sem tengdir eru álverði námu 20,0% af heildartekjum samstæðunnar á árinu 2012 (2011: 19,1%).

Til að draga úr álverðsáhattu hefur Orkuveita Reykjavíkur gert afleiðusamninga til að draga úr sveiflum álverðstengdra tekna. Fjár- og áhættustýring hefur heimild til að verja allt að 100% álverðsáhattu 1 ár fram í tímann og hlutfallslega minna næstu 2 ár þar á eftir. Á uppgjörssdegi námu varnir 22,16% af áætlaðri álverðstengdri sölu fyrir árin 2013 til 2014 (2011: 7,5%).

Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum

Raforkusölusamningar tengdir álverði fela í sér innbyggðar afleiður, þar sem tekjur af þeim eru háðar breytingum á heimsmarkaðsverði á áli í framtíðinni. Í samræmi við ákvæði alþjóðlegra reikningsskilastaðla um fjármálagerninga hefur gangvirði innbyggðra afleiða vegna Grundartanga og að hluta til vegna Helguvíkur verið metið og fært í ársreikninginn.

Þar sem markaðsverð á innbyggðum afleiðum liggur ekki fyrir hefur verið lagt mat á gangvirði þeirra með viðurkenndum matsaðferðum. Ákvarðað hefur verið núvirt greiðslufæði samninga á uppgjörssdegi, miðað við framvirkt verð á áli á LME (London Metal Exchange) á uppgjörssdegi og væntinga um verðþróun á áli til næstu 25 ára. Byggt er á mati CRU, óháðs matsaðila, eins og það liggur fyrir á uppgjörssdegi. Frá núvirtu greiðslufæði á uppgjörssdegi hefur verið dregið vænt núvirt greiðslufæði samninga á uppgjörssdegi miðað við forsendur um álverð sem lágu til grundvallar á upphafsdegi samninga. Mismunurinn er gangvirði afleiðunnar. Gengið er út frá því að afleiðan hafi ekkert virði á upphafsdegi samnings.

Innbyggðar afleiður orkusölusamninga sem færðir eru í ársreikninginn eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á gangvirði á uppgjörssdegi og gangvirðisbreyting ársins er færð í rekstrarreikning meðal tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum.

Meðal innbyggðra afleiða raforkusölusamninga er samningur við Norðurál Helguvík ehf. (NH) að fjárhæð 1,9 milljarðar króna. Framkvæmdir vegna álvers í Helguvík hafa tafist verulega og er ákveðin óvissa um frekara framhald þess verkefnis. Áætlað var að afhenda orku til álversins frá 1. september 2011 og hófst þá greiðsluskylda NH. NH hefur nýtt sér ákvæði samnings um að nota orkuna í álverinu á Grundartanga. Mótaðilaáhattu í þessum samningi meta stjórnendur töluverða og endurspeglast það í virði afleiðunnar. Ef samningi verður rift eða samið á öðrum forsendum þá leiðir það til gjaldfærslu á bókfærðu virði innbyggðu afleiðunnar.

Skýringar

28. Markaðsáhætta, frh.

c. Álverðsáhætta, frh.

Næmnigreining álverðs

31.12. 2012	Næmni gangvirðis	
	10% lækkun	10% hækkun
Innbyggðar afleiður	(6.483.469)	6.471.310
Álvarnir	275.762	(197.940)
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	(353.902)	353.902
Samtals	(6.561.608)	6.627.271

31.12. 2011	Næmni gangvirðis	
	10% lækkun	10% hækkun
Innbyggðar afleiður	(6.698.980)	6.673.253
Álvarnir	36.796	(36.796)
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	(276.459)	276.459
Samtals	(6.938.643)	6.912.915

d. Önnur markaðsáhætta

Önnur markaðsáhætta, s.s. vaxtaálagsáhætta og hlutabréfaáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

29. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Orkuveitan átti í árslok 6,9 milljarða kr. handbært fé. Orkuveitan átti einnig ónýttar lánsheimildir og opnar lánalínur að fjárhæð 6,8 milljarða kr. í árslok. Samtals átti Orkuveitan þannig 13,7 milljarða kr. tryggt lausafé í árslok. Samsvarandi fjárhæð í lok árs 2011 nam 7,8 milljörðum kr.

Í samkomulagi milli Orkuveitunnar og eigenda hennar sem gert var í mars 2011 skuldbundu eigendur sig til að veita 12 milljarða kr. lán til fyrirtækisins, annars vegar 8 milljarða kr. sem voru greiddir strax og 4 milljarðar kr. sem komu til greiðslu í mars 2013.

Skýringar

29. Lausafjáráhætta frh.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

31.12. 2012

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Eftir meira en 5 ár
Vaxtaberandi						
skuldir	231.503.285	(260.057.715)	(33.352.320)	(19.281.902)	(62.068.130)	(145.355.362)
Viðskiptaskuldir ...	1.366.254	(1.366.254)	(1.366.254)	0	0	0
Aðrar skuldir	2.951.632	(2.951.632)	(2.951.632)	0	0	0
Fjármálagerningar sem eru afleiður						
Áhættuvarnar- samningar	(249.274)	(1.233.289)	(631.390)	(553.736)	(103.455)	55.292
	235.571.897	(265.608.890)	(38.301.596)	(19.835.638)	(62.171.585)	(145.300.070)

31.12. 2011

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður

Vaxtaberandi						
skuldir	230.223.256	(266.244.117)	(20.623.894)	(32.346.083)	(61.363.182)	(151.910.958)
Viðskiptaskuldir ...	1.627.619	(1.627.619)	(1.627.619)	0	0	0
Aðrar skuldir	2.410.329	(2.410.329)	(2.410.329)	0	0	0
Fjármálagerningar sem eru afleiður						
Áhættuvarnar- samningar	19.779	(19.216)	(17.261)	(1.955)	0	0
	234.280.983	(270.301.281)	(24.679.103)	(32.348.038)	(61.363.182)	(151.910.958)

Komi til endurfjármögnunar langtímalána til lengingar lánstíma má gera ráð fyrir að dreifing afborgana verði önnur en að ofan greinir.

Skýringar

30. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta samstæðunnar er einkum vegna raforkusölusamninga til iðnaðar og afleiðusamninga sem eru gerðir í áhættuvarnarskyni. Einnig er til staðar mótaðilaáhætta vegna smásölu, en tap vegna vangoldinna krafna eru óverulegt og hefur takmörkuð áhrif á afkomu samstæðunnar.

Við gerð samninga skal tryggt eftir fremsta megni að mótaðilinn sé traustur og uppgjör stærri mótaðila skal skoðað reglulega sem og lánsþæfismat þeirra.

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem greinist þannig:

	2012	2011
Viðskiptakröfur	4.721.350	4.227.536
Aðrar skammtímakröfur	298.181	411.196
Aðrar fjáreignir	9.751.425	7.886.757
Handbært fé	6.885.693	1.652.484
Samtals	22.589.539	14.177.973

Fjáreignir samkvæmt sundurliðun hér að ofan eru flokkaðar sem *Lán og kröfur* nema hluti *Annarra fjáreigna* og *Áhættuvarnarsamninga*. Flokkun þeirra má sjá í skýringu 32.

Mesta mögulega tap vegna viðskiptakrafna á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum:

Viðskiptakröfur, stórnotendur	917.120	537.146
Viðskiptakröfur, smásala	3.804.230	3.690.390
Samtals	4.721.350	4.227.536

Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla árslok:

	2012		2011	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	4.081.898	102.884	3.167.551	73.317
Gjaldfallnar kröfur, 1 til 30 dagar	316.652	12.263	870.132	30.514
Gjaldfallnar kröfur, 31 til 90 dagar	108.612	24.581	67.067	2.721
Gjaldfallnar kröfur, eldri en 91 dagur	532.688	178.772	402.036	172.698
Samtals	5.039.850	318.500	4.506.786	279.250

Niðurfærsla viðskiptakrafna er metin á hverjum uppgjörssdegi af stjórnendum. Lagt er mat á innheimtanleika krafna, bæði almennt út frá innheimtureynslu og sértækt vegna krafna sem komnar eru í talsverð vanskil.

Kröfur sem verða til vegna fráveitu og vatnsveitu eru með lögveð í fasteignum og því er ekki færð niðurfærsla vegna þeirra.

Þjónustusvið Orkuveitu Reykjavíkur sér um innheimtu viðskiptakrafna og sér að mestu um upplýsingagjöf til viðskiptavina vegna þeirra. Innheimta fer fram eftir vel skilgreindu ferli þar sem m.a. er gætt að samræmdu verklagi við úrlausn innheimtumála.

Skýringar

31. Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í ársreikningnum er jafnt og gangvirði þeirra með þeirri undantekningu að vaxtaberandi skuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	2012		2011	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	(231.503.285)	(223.412.705)	(230.223.256)	(224.628.071)

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta, sem er afvaxtað með markaðsvöxtum, auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörssdegi.

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörssdegi þegar vænt sjóðsstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	2012		2011	
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	2,37% til	11,56%	1,94% til	10,12%
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	3,99% til	4,39%	6,63% til	7,11%
Vaxtaberandi skuldir	1,05% til	4,76%	1,87% til	4,99%

Stig gangvirðis

Taflan sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í ársreikninginn, flokkaða eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgefnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleiðd af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði.

2012	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	3.265.182	3.265.182
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	14.738.660	14.738.660
Aðrar fjáreignir	0	10.684.315	10.684.315
Aðrar fjárskuldir	(249.274)	0	(249.274)
	(249.274)	28.688.157	28.438.883

2011

Eignarhlutir í félögum	0	1.983.269	1.983.269
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	17.682.970	17.682.970
Aðrar fjáreignir	0	7.868.334	7.868.334
Aðrar fjárskuldir	(19.779)	0	(19.779)
	(19.779)	27.534.573	27.514.794

Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum eru til lengri tíma en tíu ára og því flokkaðar undir 3. stig þar sem framtíðarmarkaður áls nær eingöngu yfir tíu ár.

Skýringar

32. Yfirlit um fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	31.12. 2012			31.12. 2011		
	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í rekstur	Fjáreignir til sölu	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í rekstur	Fjáreignir til sölu
Eignarhlutar í félögum			3.265.182			1.983.269
Innb. afleiður í raforkus.samn.		14.738.660			17.682.970	
Aðrar fjáreignir	939.454	9.744.861		18.423	7.868.334	
Viðskiptakröfur	4.721.350			4.227.536		
Aðrar sk.kr.	298.181			411.196		
Handbært fé	6.885.693			1.652.484		
Vaxtab. skuldir	(231.503.285)		(230.223.256)			
Afleiðusamn.	(249.274)			(19.779)		
Viðskiptaskuldir ...	(1.366.254)		(1.627.619)			
Aðrar sk.skuld.	(2.951.632)		(2.410.329)			
Samtals	(222.976.493)	24.234.247	3.265.182	(227.951.565)	25.531.525	1.983.269

33. Sjóðstreymisyfirlit, sundurliðun

Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt samkvæmt sjóðstreymisyfirliti greinist þannig:

	2012	2011
Tap ársins	(2.295.194)	(556.272)
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	18.493.550	19.656.314
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi	9.754	5.400
Tekjuskattur	(1.535.261)	(6.750.946)
Afskriftir og virðisrýrnun	10.371.085	8.880.736
Söluhagnaður eigna og önnur breyting	(41.318)	(143.338)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	31.683	19.387
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	25.034.299	21.111.281
Birgðir, lækkun	28.688	135.236
Skammtímakröfur, (hækkun)	(702.520)	(899.899)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(24.897)	227.900
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	24.335.571	20.574.518

Skýringar

34. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn borgarinnar, dótturfyrirtæki Orkuveitunnar, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn og lykilstjórnendur fyrirtækisins eru skilgreindir sem tengdir aðilar samstæðunnar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Framangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við samstæðuna á árinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu viðskipti við tengda aðila á árinu, ásamt yfirliti um kröfur og skuldir samstæðunnar við þessa aðila í árslok. Viðskipti og stöður við dótturfélög er eytt út í samstæðureikningnum en eru birt hér til upplýsinga. Upplýsingarnar ná ekki til sölu samstæðunnar á hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila.

Sala til tengdra aðila á árinu var eftirfarandi:	2012	2011
Reykjavíkurborg	1.235.886	898.467
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	431.868	256.930
Dótturfélög	367.253	470.432
Hlutdeildarfélög	0	12.534
	2.035.007	1.638.363
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á árinu voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	5.246	22.050
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	6.841	5.797
Dótturfélög	15.028	14.808
Hlutdeildarfélög	42.949	54.038
	70.064	96.694
Kröfur á hendur tengdra aðila í árslok voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	284.843	316.143
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	39.505	34.094
Dótturfélög	90.636	76.930
Dótturfélög, vaxtaberandi kröfur	6.988.862	6.623.659
	7.403.846	7.050.825
Skuldir við tengda aðila voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	77.141	2.650
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	305	120
Dótturfélög	0	339.156
Dótturfélög, vaxtaberandi	408.313	0
	485.758	341.927
Vaxtaberandi skuldir frá eigendum móðurfélags voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	8.277.970	7.753.254
Akraneskaupstaður	489.214	458.204
Borgarbyggð	82.568	0
	8.849.752	8.211.459
Vaxtagjöld á lán frá eigendum móðurfélags voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	429.649	234.042
Akraneskaupstaður	25.392	13.831
Borgarbyggð	2.824	0
	457.864	247.873

Ábyrgðargjald til eigenda

Orkuveitan greiddi ábyrgðargjald til Reykjavíkurborgar og annarra núverandi og fyrrverandi eigenda fyrirtækisins vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar. Sjá fjárhæðir og umfjöllun um ábyrgðargjaldið í skýringu 10.

Skýringar

35. Dótturfélög í samstæðunni

Eignarhlutar í dótturfélögum sem eru innifalin í samstæðureikningnum greinast þannig:

Dótturfyrirtæki	Meginstarfsemi	Eignarhluti	
		31.12. 2012	31.12. 2011
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	Gagnaflutningar	100,0%	100,0%
Reykjavík Energy Invest ehf.	Fjárfestingarfyrirtæki	100,0%	100,0%
Úlfjótssvatn frítímabyggð ehf.	Undirbúningsfyrirtæki	100,0%	100,0%
Hrafnabjargavirkjun hf.	Undirbúningsfyrirtæki	60,0%	60,0%

Helstu breytingar á samstæðunni á árinu

Í árslok 2012 var hlutafé í Úlfjótssvatni frítímabyggð ehf. lækkað um tæplega 225 milljónir kr. eða úr 225 milljónum kr. í 500 þúsund kr. Lækkunin var annars vegar gerð til að jafna uppsafnað tap félagsins að fjárhæð 41 milljón kr. og hins vegar til að gera upp kröfu á móðurfélagið.

36. Önnur mál

Skertar greiðslur frá Norðuráli

Norðurál hefur frá 1. október 2011 skert samningsgreiðslur á raforku frá Orkuveitunni og HS Orku. Þetta telur Orkuveitan að Norðuáli sé ekki heimilt og eru eftirstöðvar kröfu Orkuveitunnar í árslok 2012 samtals 691 milljón kr. Á næstu mánuðum er von á niðurstöðu í gerðardómsmeðferð máls sem HS Orka höfðaði gegn Norðuráli vegna skerðinga Norðuráls á samningsgreiðslum á raforku frá HS Orku og var Orkuveitunni stefnt inn í málið þar sem hún er aðili samnings. Fallist gerðardómur á sjónarmið HS Orku mun Orkuveitan krefja Norðurál um fulla greiðslu kröfunnar á grundvelli dómsins. Krafan er færð meðal veltufjármuna að teknu tilliti til niðurfærslu vegna óvissu um niðurstöðu málsins.

Sala skuldabréfa til skoðunar

Meðal annarra fjáreigna í efnahagsreikningi er skuldabréf útgefið af Magma Energy Sweden A.B. Orkuveitan hefur falið Straumi fjárfestingabanka hf. að skoða mögulega sölu bréfsins, en endanleg ákvörðun um sölu skuldabréfsins hefur ekki verið tekin. Bréfið er flokkað sem fjáreign til sölu á gangvirði gegnum rekstrarreikning og er bókfært verð þess í árslok 9,7 milljarðar kr.

Verði tekin ákvörðun um sölu skuldabréfsins getur það haft áhrif á framsetningu bréfsins í reikningsskilunum.

Seinkun framkvæmda

Vegna tafa sem orðið hafa á að fyrirvörum í orkusölusamningi Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls Helguvíkur (NH) sé aflétt, hefur skapast óvissa um framhald framkvæmda varðandi byggingu orkuvers. Unnið hefur verið að endurskoðun orkusölusamninga við NH og er þeirri endurskoðun ekki lokið. Það er afstaða Orkuveitunnar að forsendur hluta samninganna við NH séu brostnar og um þetta er ágreiningur við NH. Vegna ofangreinds hafa einnig orðið tafir á efndum á samningi við Mitsubishi Heavy Industries og Balcke Dürr (MHI og BD) um kaup á vélasmæðum vegna orkusölusamningsins, en um skuldbindingar vegna þeirra er fjallað í skýringu 12. Samið hefur verið við MHI og BD um frestun á afhendingu vélasmæða. Óvissa er enn til staðar um framkvæmdir við Hverahlíðarvirkjun og þar með um upphæð riftunarbóta til MHI og BD Dürr verði ekki af framkvæmdum, en þær gætu orðið verulegar ef til þeirra kæmi. Mat stjórnenda er að ekki sé ástæða til að færa skuld í ársreikninginn að svo komnu máli þar sem unnið er að ýmsum lausnum sem er ætlað að lækka verulega þennan kostnað fyrir Orkuveituna, en þær lausnir telja stjórnendur góðar líkur á að gangi eftir.

Skýringar

36. Önnur mál, frh.

Áhrif vegna breytinga á gengi og álverði frá uppgjörssdegi til áritunardags

Á áritunardegi ársreikningsins, 22. mars 2013 er gengisvísitalan 221,1783 en var 232,6864 á uppgjörssdegi 31. desember 2012. Ef vaxtaberandi skuldir fyrirtækisins hefðu verið gerðar upp miðað við gengi á áritunardegi þá hefðu þær numið 217,6 milljarði kr. eða 9,5 milljörðum lægri en staða þeirra er skráð 31. desember 2012 og innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, að teknu tilliti til breytinga á álverði og gengi frá uppgjörssdegi, hefðu numið 8,7 milljörðum kr. eða 6,0 milljörðum kr. lægri en á uppgjörssdegi. Frekari upplýsingar um áhrif breytinga á gengi og álverði má finna í skýringu 28.

Gjaldfallnir afleiðusamningar

Í kjölfar falls íslensku bankanna árið 2008 hefur velta á gjaldeyrismarkaði verið lítil og varla hægt að segja að gjaldeyrismarkaðurinn sé virkur. Vegna fallsins voru gjaldeyrisviðskipti takmörkuð af hálfu Seðlabanka Íslands og í lok nóvember 2008 setti Alþingi viðauka í lög nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, en með viðaukanum voru sett á gjaldeyrishöft.

Meðal annarra skammtímaskulda eru færðir gjaldfallnir afleiðusamningar. Samningarnir hafa ekki verið gerðir upp en Orkuveitunni hefur nýlega verið stefnt vegna þeirra. Mikil óvissa ríkir, bæði hjá Orkuveitunni og slitastjórnnum bankana, um hvernig meðhöndla eigi uppgjör þeirra. Í varúðarskyni hafa verið gjaldfærðar á árinu 2012, 559 milljónir kr. til viðbótar þeim 181 milljónum kr. sem áður höfðu verið gjaldfærðar. Samtals hafa því 740 milljónir kr. verið gjaldfærðar vegna þessara afleiðusamninga. Í þessu felst ekki viðurkenning á skuldinni af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur og getur fjárhæðin hækkað eða lækkað þegar samningarnir verða gerðir upp. Samningarnir eru flokkaðir með öðrum skammtímaskuldum.

Stjórnháttayfirlýsing (óendurskoðuð)

Stjórnarhættir

Um meginstarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur gilda lög nr. 139/2001 með síðari breytingum. Eigendur Orkuveitunnar hafa sett eigendastefnu þar sem m.a. er kveðið á um að stjórn Orkuveitunnar setji sér starfsreglur til að uppfylla lögin. Eigendastefnuna má sjá á vef Orkuveitunnar www.or.is.

Gildi Orkuveitunnar

Gildi Orkuveitunnar eru framsýni, heiðarleiki og hagsýni og eru þau höfð að leiðarljósi í allri starfsemi fyrirtækisins.

Stjórn

Stjórn Orkuveitunnar er samkvæmt lögum um fyrirtækið skipuð sex fulltrúum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarbyggð hefur áheyrnarfulltrúa í stjórn. Borgarstjórn Reykjavíkur kys formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Stjórn ber ábyrgð á fjármálum og rekstri Orkuveitunnar. Í stjórn eru: Haraldur Flosi Tryggvason, hdl. hjá Lögmonnum Bankastræti, en hann er jafnframt formaður, Brynhildur Davíðsdóttir, dósent í umhverfis- og auðlindafræðum hjá Háskóla Íslands en hún er varaformaður, Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi, Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi og Hrönn Ríkhardsdóttir, bæjarfulltrúi á Akranesi.

Á árinu 2012 voru haldnir 13 stjórnarfundir, en meirihluti stjórnar hefur mætt á alla fundi.

Endurskoðunarnefnd

Um endurskoðunarnefnd Orkuveitunnar gildir IX. kafli laga nr. 3/2006 um ársreikninga, sbr. lög nr. 80/2008. Starfsreglur nefndarinnar eru settar af stjórn fyrirtækisins í samræmi við lögin. Endurskoðunarnefnd Orkuveitunnar er ráðgefandi fyrir stjórn félagsins og starfar í umboði hennar, en fer ekki með framkvæmdavald. Þrír einstaklingar eru í endurskoðunarnefnd félagsins, þ.a. einn stjórnarmaður, Gylfi Magnússon. Með honum í nefndinni eru Sigríður Ármannsdóttir og Ingvar Garðarsson. Þau eru bæði löggiltir endurskoðendur en Sigríður er formaður nefndarinnar. Á árinu voru haldnir 35 fundir í endurskoðunarnefnd. Innri endurskoðandi Orkuveitunnar er Guðmundur I. Bergþórsson en innri endurskoðun heyrir undir endurskoðunarnefnd.

Forstjóri og framkvæmdastjórn

Stjórn Orkuveitunnar ræður forstjóra. Forstjóri er Bjarni Bjarnason. Stjórn og forstjóri fara með stjórn fyrirtækisins. Framkvæmdastjórn fyrirtækisins eru fimm og mynda ásamt forstjóra framkvæmdastjórn fyrirtækisins en hún hittist að öllu jöfnu vikulega.

-Framkvæmdastjóri Fjármála er Ingvar Stefánsson. Undir hann heyra Fjár- og áhættustýring, Reikningshald, Hagmál, Innkaup og rekstrarþjónusta og Upplýsingatækni.

-Framkvæmdastjóri Veitna er Inga Dóra Hrólfsdóttir. Veitusviðið skiptist í Tækni, Rekstur, Viðhaldsþjónustu og Stjórnstöð.

-Framkvæmdastjóri Virkjana og sölu er Páll Erland. Undir hann heyra Virkjanir, Sala og markaðsmál og Stefnumótun virkjana og sölu.

-Framkvæmdastjóri Þjónustu er Skúli Skúlason. Þjónustusviðið skiptist í Þjónustuver, Mæla- og tengiþjónustu, Reikningagerð og Innheimtu.

-Framkvæmdastjóri Þróunar er Hildigunnur H. Thorsteinsson. Til sviðsins heyra einingarnar Auðlindarannsóknir, Kerfisrannsóknir og hönnun og Verkefnastofa.

Áhættustefna

Ný áhættustefna OR var samþykkt þann 20. janúar 2012 af stjórn. Það er stefna stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur að í allri starfsemi fyrirtækisins sé gætt að áhættu og með því stuðlað að ábyrgum og skilvirkum ákvörðunum og stjórnunarháttum. Áhættustefnan lýsir heildarsýn og meginmarkmiðum stjórnar að þessu leyti. Hún skilgreinir jafnframt meginreglur áhættu, mælikvarða við mat á þeim ásamt helstu aðferðum, markmiðum og mörkum við daglega áhættustýringu fyrirtækisins. Meginreglur áhættu í rekstri OR skiptast í kjarnaáhættu, fjárhagslega áhættu og rekstraráhættu.

Stjórnháttayfirlýsing (óendurskoðuð)

Stjórnháttayfirlýsing, frh.

Innra eftirlit og áhættustýring

Orkuveita Reykjavíkur færir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) og leggur áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, ásamt reglulegri skýrslugjöf og gensæi í starfseminni. Mánaðarlegir rekstrarfundir eru mikilvægir hluti af innra eftirliti með afkomu, rekstrarkostnaði og fjárfestingum auk reglulegra funda áhættunefndar fyrirtækisins. Stjórn hefur eftirlit með fjármálalegri áhættu fyrirtækisins og fær reglubundna skýrslugjöf varðandi hana. Nánari upplýsingar um áhættustýringu má finna í skýringum ársreikningsins.

Nánari umfjöllun um stjórnarhætti verður að finna í ársskýrslu fyrirtækisins sem verður gefin út apríl 2013 og verður aðgengileg á vef fyrirtækisins, www.or.is.